

# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 375. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 9. nóvember 2023 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

### Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Björgunarsveitin Lífsbjörg. Fulltrúar mæta á fundinn til að ræða framkvæmdir á þaki björgunarstöðvarinnar Vonar í Rífi.
- 2) Fundargerð 344. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 2. nóvember 2023
- 3) Fundargerð velferðarnefndar, dags. 26. september 2023.
- 4) Fundargerð rekstrarnefndar Rastar, dags. 27. september 2023.
- 5) Fundargerð rekstrarnefndar Klifs, dags. 12. september 2023.
- 6) Fundargerðir menningarnefndar, dags. 28. september og 18. október 2023.
- 7) Fundargerð 175. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 12. október 2023.
- 8) Fundargerð 176. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 2. nóvember 2023.
- 9) Fundargerðir 16. og 17. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 3. okt. og 7. nóv. 2023.
- 10) Fundargerð 185. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 9. október 2023.
- 11) Fundargerð 65. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 5. október 2023.
- 12) Fundargerð 456. og 457. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 19. sept. og 19. okt. 2023.
- 13) Fundargerðir 934., 935. og 936. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 29. september, 16. október og 27. október 2023.
- 14) erindi frá Svæðisgarðinum Snæfellsnesi, dags. 16. október 2023, varðandi staðfestan vilja sveitarfélaganna um að taka þátt í áframhaldandi starfi Svæðisgarðsins.
- 15) Bréf frá Eyglóu, Ingibjörgu Kristínu, Aroni Jóhannesi og Alexöndru Kristjánsbörnum, dags. 6. nóvember 2023, varðandi bifreið með hjólastólaaðgengi.
- 16) Bréf frá Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytinu, dags. 26. september 2023, varðandi innviði fyrir orkuskipti.
- 17) Bréf frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, dags. 27. september 2023, varðandi aðstoð við útlendinga sem fengið hafa endanlega synjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd hér á landi og eiga ekki rétt á þjónustu á grundvelli 33. gr. laga um útlendinga.
- 18) Bréf frá Römpum upp Íslands, ódags., varðandi umsóknir fyrir árið 2024.
- 19) Bréf frá Innviðaráðuneytinu, dags. 29. september 2023, varðandi þjónustustefnu í byggðum og byggðarlögum sveitarfélaga.
- 20) Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana fyrir árið 2024. Fyrri umræða.
- 21) Minnisþingar bæjarstjóra.

**Snæfellsbæ, 7. nóvember 2023**  
**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

## Björgunarstöðin Von Rifi

Hafrun Ævarsdóttir <hafrun\_1011@hotmail.com>

Wed 10/18/2023 2:55 PM

To:Lilja Ólafardóttir <lilja@snb.is>

📎 8 attachments (9 MB)

Björgunarsveitin Lífsbjörg Arsreikningur 2022.pdf; Image\_024.pdf; image0.jpeg; image5.jpeg; image8.jpeg; image9.jpeg; image10.png; image11.png;

Sæl Lilja

Við erum búin að bóka fund með bæjarstjórn 9.nóv kl 16.

Hér má sjá umsókn okkar fyrir styrk til viðgerðar á þakinu á Björgunarstöðinni Von.

Við erum búin að sækja tilboð hjá AF Verktökum og ÞB Björg en fleiri tilboð fengum við ekki. Tilboðin eru þó bara gróf áætlun hjá þeim, þau innihalda verð um niðurrif og það gæti farið svo að við rífum niður sjálf svo verðið er ekki alveg bindandi.

Hér má sjá tilboðið frá ÞB Borg en það inniheldur aluzink OG ál (sem er yfirlitað gult) svo þar þarf að velja á milli.

Og hér má sjá tilboðið frá AF Verktökum. Við yrðum bara að fara yfir tilboðin saman á fundinum til að ákveða hvort skal velja.

Þá læt ég ársreikningana frá Lífsbjörg, Sumargjöf og Helgu Bárðar fyrir árið 2022 fylgja með.

Með bestu kveðju  
Hafrún Ævarsdóttir  
Ritari í Björgunarsveitinni Lífsbjörg Snæfellsbæ

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar  
Klettsbúð 4  
360 Snæfellsbær

Snæfellsbær, 13. apríl 2023

**Efni: Styrkur/aðstoð vegna þakskipta á Björgunarstöðinni Von í Rífi.**

Björgunarstöðin Von er í eigu Björgunarsveitarinnar Lífsbjargar og Slysavarnadeildanna Helgu Bárðar á Hellissandi og Sumargjafar í Ólafsvík. Eignahluturinn skiptist jafnt á milli eininganna. Hússtjórn skipuð tveimur fulltrúum hverrar einingar heldur utan um rekstur hússins, slysavarnadeildirnar með áherslu á sameiginlega hluta þess sem er veislusalur, eldhús og aðstaða á efri hæð en Lífsbjörg sér alfarið um aðstöðuna á neðri hæðinni.

Húsið var reist árið 2012 og kostaði fullklárað um 96 milljónir og er það að fullu greitt. Seinustu ár hefur viðhaldi verið sinnt, skipt um hurðir á bilageymslu o.fl. og nú er komið að því að skipta um þak sem er byrjað að ryðga og lekur á köflum. Eflaust ræðst ástandið af staðsetningu hússins að miklu leyti, mikil sjávarselta gengur yfir, en auk þess voru gerð mistök við ásetningu þaksins þar sem naglar voru settir þar sem ekkert grip var og götuðu þar með þakpappann.

Leitað hefur verið eftir verktökum til að vinna verkið ásamt því að Lúðvík Smáráson tók að sér að teikna lektuþak þannig að þakið verði skáhallandi út frá miðju og hún hækkuð um 70 mm. Tilboð hefur borist frá AF verktökum hf. (drög miðað við stærð þaks) upp á 12,5 milljónir og miðast við verðlag 15. mars 2023. Gengið er út frá því að verkið kosti í heldina að lágmarki um 15 milljónir. Verkbyrjun er 13. maí 2024.

Fyrir hönd eigenda Vonarinnar óskum við eftir aðstoð Snæfellsbæjar við að framkvæma verkefnið. Einingarnar hafa bolmagn til leggja 5-7 milljónir í verkefnið.

F.h. eigenda Björgunarstöðvarinnar Vonar

Hafrún Ævarsdóttir, Björgunarsveitinni Lífsbjörgu, ritari  
Viðar Hafsteinsson, Björgunarsveitinni Lífsbjörgu, í hússtjórn  
Vilborg Lilja Stefánsdóttir, Slysavarnad. Sumargjöf og Björgunarsv. Lífsbj., gjaldkeri hússtj.

344. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 2. nóvember 2023 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir  
Auður Kjartansdóttir  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæraritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að því búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.


**Dagskrá:**

- 1) **Bréf frá Sóknarsamlagi Ingjaldshóls- og Ólafsvíkurkirkju, dags. 6. október 2023, varðandi líkhúsið í Ólafsvík.**  
Bæjarráð tekur undir tillögu sóknarsamlagsins um að gera tilraun til þriggja ára þar sem sóknarsamlagið skuldbindur sig til að útvega aðila til að sinna þeirri starfsemi sem fram fer í líkhúsinu og tilheyrir því, en á móti mun Snæfellsbær láta fara fram það lágmarksviðhald sem þarf til að húsið haldi vatni og vindum. Að þessum þremur árum liðnum munu bærarstjórn og sóknarsamlagið ákveða framlagið.
- 2) **Bréf frá Aflinu, samtökum fyrir þolendur ofbeldis, ódags., varðandi ósk um styrk.**  
Lagt fram til kynningar.
- 3) **Bréf frá Land lögmönnum, dags. 6. október 2023, varðandi Snæfellsás 2 á Hellissandi.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bærarstjóra að vinna að málinu.
- 4) **Umsókn, dags. 30. október 2023, frá Guðrún H Elíasdóttur um að fá að halda hundinn Pílu.**  
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 5) **Umsóknir, dags. 6. október 2023, frá Berglindi Elvu Tryggvadóttur, um að fá að halda hundana Elvis og Yanko.**  
Umsóknimar samþykktar samhljóða.
- 6) **Kaupsamningur um kaup Snæfellsbæjar á fasteigninni Ennisbraut 38 í Ólafsvík.**  
Bærarstjóri fór yfir málið.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða framlagðan kaupsamning um Ennisbraut 38, fasteignina og allt sem henni fylgir.
- 7) **Bréf frá Vegagerðinni, dags. 5. október 2023, varðandi fyrirhugaða niðurfellingu Axlarveggar af vegaskrá.**  
Lagt fram til kynningar, en samþykkt að senda erindið áfram til landeiganda.
- 8) **Bréf frá bærarritara vegna hugsanlegs listaverks við Tröðina á Hellissandi.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fá nánari upplýsingar um verð og fyrirkomulag. Einnig þarf nánari lýsingu á verkinu, efninu og undirstöðum fyrir umhverfis- og skipulagsnefnd.
- 9) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 22. ágúst 2023, varðandi afskriftir.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita heimild til að afskrifa framlagðar afskriftarbeiðni nr. 202308091458067  
*Nánar í trúnaðarmálabók.*
- 10) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 6. október 2023, varðandi afskriftir.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita heimild til að afskrifa framlagðar afskriftarbeiðni nr. 202309251205084 og 202308161433104  
*Nánar í trúnaðarmálabók.*
- 11) **Minnispunktur bærarstjóra.**
  - a) Bærarstjóri ræddi starfsmannamál.

Handwritten signatures and initials, including "FS" and "AU".


- b) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslutölur janúar – október.
- c) Bæjarstjóri fór yfir fjármál ársins.
- d) Bæjarstjóri fór yfir sormálin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:51

  
Jónína Björg Ottarsdóttir

  
Auður Kjartansdóttir

  
Friða Sveinsdóttir

  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Velferðarnefnd

7.fundur

26.september.2023

**Mættir eru:** Gunnhildur Kristný Hafsteinsdóttir, Stefán Smári Kristófersson, Viktoría Sif Viðarsdóttir og Kristgeir Kristinsson.

**Fundur settur klukkan 20:10**

**Farið yfir fundargerð síðasta fundar**

**Reglur um úthlutun á leiguíbúðum**

Rætt um svar bæjarstjórnar varðani að upprunaleg drög reglna hafi verið samþykkt.

**Forvarnarmál**

Fundur hefur enn ekki verið haldinn varðandi forvarnarmál.

**Akstursþjónusta**

Úr svari bæjarstjórnar við síðustu fundargerð segir að reglur hafi verið í mótun og ættu að liggja fyrir núna í haust.

Úr fundargerð bæjarstjórnar: „Til upplýsinga þá eru nýjar reglur um akstursþjónustu í smíðum og er gert ráð fyrir að þær verði tilbúnar í haust“

**Eldvarnarfræðsla fyrir eldri borgara**

Slökkviliðsmenn fóru með fræðsluerindi í apríl í félagsstarfi eldri borgara. Einnig var vakin athygli á þjónustu hér í bæjarfélaginu sem býður upp á aðstoð við að uppfæra brunavarna búnað á heimilum.

**Fundi slitið klukkan 21:00**

## Félagsheimilið Röst - nefndarfundur

2. fundur


27. September 2023 haldinn í Félagsheimilinu Röst frá kl. 16:00 - 17:30.

Mætt: Kristgeir Kristinsson, Guðrún Halla Elíasdóttir og Karen Olsen.

1. Umræður Almenn umræða um félagsheimilið Röstina og ástand þess, fengum Guðrúnu Þórðardóttur húsvörð til að koma og hitta okkur og hún fór yfir húsnæðið með okkur og benti okkur á hvað henni fyndist mikilvægt og þyrfti að bæta.
2. Teikningar, eru til eftir Hildigunni Haraldsdóttur arkitekt og samþykktar 6. Maí 2021 vegna nýs andyris sem myndi snúa í suðvestur í miklu skjóli, og myndu gera aðkomu að húsinu miklu meira aðlaðandi.
3. Við töluðum við Heimir Ívarsson, vegna umtalaðs músagangs í Félagsheimilinu. Hann benti á lausnir sem hefði verið byrjað á fyrir nokkrum árum og fólst í sér að eitra, og sagði hann okkur að það hefði borið góðan árangur. EN vandamálið er að það er eitthvað sem þarf að sinna og hefur að hans sögn ekki verið fylgt eftir.
4. Við skoðuðum húsið vel, og það sem okkur finnst, er að það þyrfti að fara í miklar framkvæmdir á því. Mikilvægast væri að taka það að utan og múra eða gera svipað og verið er að gera við Gunnskólahúsnæðið á Hellissandi. Það þarf að skipta um öll gler, vitum ekki með alla glugga. Að aftan er portið orðið mjög illa farið og eiginlega slyshætta þar sem mikið er brotnað úr steypunni. Það er ljóskastari að aftan en hann virkar ekki hvort sem um er að ræða bilun eða bara skipta um peru vitum við ekki. Einnig er leki á þeirri hlið ( Norðuhlið í porti ) þar sem plötur sem hafa verið settar fyrir glugga sem voru upprunalega eru orðnar fúnar. Að innan væri mikilvægt að laga eldhúsið og gólfefnin og skipta um hurðar. Einnig væri mikilvægt að mála að innan. En kannski væri hægt að fá hollvinasamtök Rastarinnar til að taka vinnuhelgi og mála ef Snæfellsbær greiddi málningu.
5. Niðurstaða okkar eftir að skoða húsnæðið er að Bæjarstjórn Snæfellsbæjar þarf að taka ákvörðun um framtíðarsýn með Félagsheimilið okkar. Það er búið að nota fjárnuni til að taka eftir hæðina í gegn sem er mjög gott og frábært að það rými sé nýtt, mætti kannski auglýsa betur svo það nýttist betur. Húsvörður sagði okkur að það eru nýjir stólar, og nýbúið að kaupa 50 fleiri. Þannig að nú eru til 150 stólar. Að okkar mati myndi húsnæðið verða miklu eftirsóknarverðara ef andyrið yrði fært, aðgengi fyrir fatlaða yrði þá eitthvað ( sem er ekkert núna ), Mesta og dýrasta verkið væri að laga húsnæðið að utan til að hindra áframhaldandi leka og skemmdir sem verða af þeim völdum. Þetta er verkefni sem þarf kannski að gerast allt í einu, með marga iðnaðarmenn, heldur kannski 1-2 sem eru alltaf að vinna í húsinu , þannig að það sé framför hægt en örugglega, með glugga og gler og annað. Eins og staðan er núna er húsið minna eftirsóknarvert til útleigu, þar sem mikill músagangur er, og allt komið á tíma með viðhald, en sem gæti verið lagað með aðstoð Hollvinasamtaka Rastarinnar. Þetta er Félagsheimili með mikinn sjarma svo ákvörðum þarf að verða tekin, hvort fjármagn verði veitt í verkefnið. Við skorum á Bæjarstjórn að taka ákveðna afstöðu og leggja fjármagn í húsið sem við eigum og auka á aðdráttarafl þess.
6. Á næsta fundi ætlum við að reyna að komast að því , að Hollvinasamtök eiga einhverja peninga sem hlutust af sölu Hótel Hellissands á sínum tíma, hvort það sé mikil upphæð, en þau myndu þá sjá um að fara í nýtt andyri en ekki viðhald að utan eins og þarf að fara í núna.

Fundi slitið kl. 17:30

MOTTENID  
 25 MAJ 2021  
 Byggeteknikk i Sveriges



Byggeteknikk i Sveriges		Byggeteknikk i Sveriges		Byggeteknikk i Sveriges		Byggeteknikk i Sveriges		Byggeteknikk i Sveriges		Byggeteknikk i Sveriges	
Byggeteknikk i Sveriges	Byggeteknikk i Sveriges	Byggeteknikk i Sveriges	Byggeteknikk i Sveriges	Byggeteknikk i Sveriges	Byggeteknikk i Sveriges	Byggeteknikk i Sveriges	Byggeteknikk i Sveriges	Byggeteknikk i Sveriges	Byggeteknikk i Sveriges	Byggeteknikk i Sveriges	Byggeteknikk i Sveriges
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31	32	33	34	35	36
37	38	39	40	41	42	43	44	45	46	47	48
49	50	51	52	53	54	55	56	57	58	59	60
61	62	63	64	65	66	67	68	69	70	71	72
73	74	75	76	77	78	79	80	81	82	83	84
85	86	87	88	89	90	91	92	93	94	95	96
97	98	99	100	101	102	103	104	105	106	107	108
109	110	111	112	113	114	115	116	117	118	119	120

Arkitektens bemærkning:  
 Andet væk Udvand, vindind, tøjopbevar og skabene.  
 Hælder er hængt af Gåse Hælderstykke arkitekt.  
 Hælder var sættet med og gælder i GH som var  
 hængt på Gåse, som godt skal ændres.  
 ved yderligere bygning.

Svar på spørgsmål, givet af studiet, 27.05.2021  
**ROST, SVEFELLSASI 2, HELLSAND, SVEFELLSBÆ**  
 Gennemlyd  
 1-100  
 20.02.2020



4. fundur Rekstrarnefndar Klifs haldinn í Klifi  
þriðjudaginn 12. September 2023 kl. 13:00

Á fundinn mættu:

Baldvin Leifur Ívarsson, Guðrún Þórðardóttir, Jenný Guðmundsdóttir og Sigrún Ólafsdóttir.

1. Við fórum skoðunarferð um húsið og sjáum hvað var búið að gera síðan síðast.  
Nýjir vaskar og borð á karlklósettinu  
Ný eldavél og borð í eldhúsinu, flísar á vegginn væntanlegar
2. Leki á kvennaklósettinu  
Enn hefur ekkert verið gert í lekamálum á kvennaklósettinu og á sviðinu svo að Sigrúnu var falið að tala við Ragnar og fá hann til að fara í þessi mál.
3. Gluggar og þak  
Mikið var rætt um glugga og þak þar sem félagsheimilið er komið á þann aldur að það þarf að fara huga að þessu málum og skorum við á bæjarstjórn að setja þetta inn í næstu fjárhagsáætlun bæjarins.
4. Aðgengi inn í Bláasal.  
Guðrúnu var falið að tala við Vigfús og fá eitt hlass af mól til að setja í innkeyrsluna, svo þarf að laga aðgengi frá bílastæði þar sem þessi salur er mjög vinsæll í útleigu.

Fleira ekki gert fundi slitið 13:55

Sigrún Ólafsdóttir

## **Menningarnefnd Snæfellsbæjar**

**Fimmtudagur 28. september 2023 - Röstin, Hellissandi.**

Fundinn sitja: Hafdís Rán Brynjarsdóttir, Helga Jóhannsdóttir, Heimir Berg, Marsibil Katrín Guðmundsdóttir, Kristín Arnfjörð og Ingunn Ýr Angantýsdóttir

Fundagerð ritar: Helga Jóhannsdóttir

### **1. Listaverk - Erró**

- a. Heimir kynnti hugmynd um að setja upp listaverk eftir Erró í Ólafsvík. Hugmyndir og staðsetningar ræddar.

### **2. Styrkumsókn – Vagn Ingólfsson**

- a. Vagn sótti um styrk fyrir flutningskostnaði á listaverki sínu frá Bandaríkjunum til Íslands.
- b. Nefndin tók vel í þetta verkefni og samþykkti að veita styrk upp á tuttugu og fimm þúsund krónur. Bendum um að sækja um örstyrki nefndarinnar á næsta ári í byrjun næsta árs.

### **3. Hrekkjavaka í Ólafsvík**

- a. Föndur- og samverustund í pakkhúsinu 29. október.
- b. Draugakvöld í pakkhúsinu 31. október.
- c. Skipulag viðburðanna rætt.

### **4. Tónleikar með Valdimar 26. október**

- a. Skipulag tónleikanna rætt.
- b. Tix sér um miðasölu – verð ákveðið. 3900 kr.

Kl. 18.05 - Fundi slitið.

## **Menningarnefnd Snæfellsbæjar**

**Miðvikudagur 18. október 2023 – Ráðhús Snæfellsbæjar.**

Fundinn sitja: Hafdís Rán Brynjarsdóttir, Helga Jóhannsdóttir, Heimir Berg, Jóhannes Stefánsson, Kristín Arnfjörð og Ingunn Ýr Angantýsdóttir  
Fundagerð ritar: Helga Jóhannsdóttir

### **1. Hausttónleikar með Valdimar.**

- a. Auglýsingar.
- b. Skipulagning rædd.

### **2. Hrekkjavaka í Ólafsvík**

- a. Skipulagning.
- b. Hrekkjavökukvöld 31. október: Opið hús í Pakkhúsinu milli 16-18.
- c. Föndurhugmyndir ræddar.
- d. Auglýsingar.

### **3. Jólin**

- a. Verslunareigendur hafa ákveðið að hafa lengri jólaopnun 6. desember.

**17:20 – Fundi slitið.**

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 175175. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar  
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 12. október 2023  
og hófst hann kl. 10:00.

## Fundinn sátu:

Illugi Jens Jónasson, Halldór Kristínsson, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Birgir Tryggvason, Eiríkur Böðvar Rúnarsson, Ragnar Már Ragnarsson, Matthías Páll Gunnarsson, Hildigunnur Haraldsdóttir og Valgerður Hlín Krstmannsdótti.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Hlín Krstmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

## Dagskrá:

- 1. ASK og DSK\_Krossavík - Kæra lögð fram - 2203012**  
Guðrún Lára Pálmadóttir hefur kært skipulagsáform í Krossavík til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærán og frumtillaga að andsvari kynntar.  
*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að tillaga að svörum verði borin undir lögfræðing Snæfellsbæjar og send innan framlengds frests til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.*
- 2. DSK\_Nýtt deiliskipulag fyrir Stóra-Kamb í Breiðuvík - 2307010**  
Umsagnir, svör og viðbragð vegna framkominna umsagna og athugasemda kynnt.  
*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir tillögu að svörum við umsögnum og athugasemdum. Tæknideild falið að sjá um lokafrágang með sendingu gagna til Skipulagsstofnunar.*
- 3. Öxl - nýtt deiliskipulag - 2310004**  
Lögð fram fyrirspurn vegna nýs deiliskipulags og hugsanlegrar breytingar aðalskipulags.  
*Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið og leggur til að farið verði í óverulega breytingu á aðalskipulagi. Hafa þarf strangar takmarkanir í deiliskipulagi vegna nálægðar við friðland.*  
*Jákvætt*
- 4. Frágangur sorpsvæða á frístundasvæðum - 2309001**  
Kynntar verða tillögur að úrbótum á svæðum fyrir sorp á frístundasvæðum.  
*Bæjarstjóri kom á fundinn og kynnti þær hugmyndir sem eru í vinnslu varðandi svæði fyrir sorptunnur í sveitarfélaginu.*  
*Kynnt*

MJK  
MPG 77 B  
HF BT 1  
TR

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

5. **Stóri-Kambur - Umsókn um byggingarleyfi fyrir sumarhúsi til útleigu. - 2309009**  
Magnús Valur Benediktsson sækir fyrir hönd Pegron ehf. um byggingarleyfi fyrir 57,8 fm sumarhúsi úr timbri til útleigu að Stóra-Kambi. Húsið er með tveimur aðskildum gistirýmum með baðherbergjum, eldunaraðstöðu og sameiginlegu þvottarými. Sér inngangur er í hvort rými fyrir sig en þvottarými er með sér útihurð.  
*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið að uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar. Slökkviliðssjóri bendir á að merkja þurfi á aðaluppdrátt stærðir og staðsetningu hjörgunaropa.*  
*Samþykkt*
6. **Grundarslóð 12 - Umsókn um lóðarúthlutun - 2309011**  
Einar Magnússon sækir um byggingarlóð að Grundarslóð 12, Arnarstapa. Áætlað er að byggja þar 100 fm þarhús (hvor íbúð 50 fm) á einni hæð úr timbri og áli.  
*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir lóðarúthlutun.*  
*Samþykkt*
7. **Ennisbraut 42 - Umsókn um byggingarheimild fyrir endurbyggingu húss á lóð - 2308002**  
Rabbi ehf. sækir um leyfi fyrir því að endurbyggja núverandi hús á Ennisbraut 42. Nýtt hús verður 16 metra langt og 2 metrum breiðara en núverandi hús, eða 10 metrar á breidd. Mænishæð verður um 7 metrar.  
*Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar erindinu og mun óska eftir umsögnum Veðurstofu Íslands og Ofanflóðasjóðs.*  
*Frestað*
8. **Hafnargata 22 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir breytingum utanhúss - 2310001**  
Melnes ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir ýmsum breytingum á iðnaðarhúsi að Hafnargötu 22, Rífi. Fyrirhugað er að einangra og klæða húsið með báruáli, gluggum á austurhlið lokað og gluggum í nyrsta bili á vesturhlið skipt út fyrir nýja. Tveimur stórum keyrsluhurðum ásamt tveimur gönguhurðum er bætt við á vesturhlið hússins.  
*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir breytingar utanhúss.*  
*Samþykkt*
9. **Fyrirhuguð framkvæmd Rarik kynnt - 2310002**  
Fyrirhuguð framkvæmd Rarik vegna spennustöðvar á hafnarsvæðinu í Ólafsvík kynnt.  
*Erindið kynnt og óskar nefndin eftir viðræðum vegna nákvæmari staðsetningar.*  
*Kynnt*
10. **Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2023 - 2302015**  
- Römpum upp Ísland  
Tæknideild falið að meta þörf að bættu aðgengi og sækja um.  
- Aðilar koma á fundinn og kynna hugmyndir um frekari uppbyggingu á Gamla

MFG Mik  
HH  
BT  
AR 2  
EB

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

---

Kaupstað

- Snæfellsbær óskar eftir leyfi til að setja niður listaverk fyrir framan Tröðina á Hellissandi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en óskar eftir frekari upplýsingar varðandi efnisval, styrk og öryggi.

- Umræða um staðsetningu smáhýsa á Hellissandi

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:00.

Matthías Páll Gunnarsson.

Halldór K. Linnarsson

Flovenzja Þorsteins  
Höfðing

Biggja Tó

Eiríkur Böðvar Þórunnsson

~~Arnar~~

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 176176. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar  
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 2. nóvember 2023  
og hófst hann kl. 10:00.

## Fundinn sátu:

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Hildigunnur Haraldsdóttir og Valgerður Hlín Krstmannsdótti.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Hlín Krstmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, skipulagsráðgjafi Snæfellsbæjar, kom til að kynna skipulagsmál í Ólafsvík.

Ragnar Már Ragnarsson sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

## Dagskrá:

### 1. Letisund 3 - Umsókn um byggingarlóð - 2310013

Þórður sækir fyrir hönd Vélsmiðju Grundarfjarðar um lóð að Letisundi 3, Rífi, fyrir léttan iðnað. Fyrirhugað er að reisa þar 800-1000 fm (40x20 m eða 50x20 m) geymslu- og lagerhúsnæði úr stálgrind en húsið mun vera alveg eins og hús Vélsmiðjunnar sem staðsett er í Grundarfirði. Sjá meðfylgjandi teikningar.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en val lóðar og afmörkun verði yfirfarin með umsækjanda og lóðarhöfum aðlægra lóða. Gengið verði frá breytingu deiliskipulags.*

*Jákvætt*

### 2. DSK\_Nýtt deiliskipulag við Dalbrekku, Ólafsvík - 2310009

Kynnt eru frumhugmyndir vegna nýs hverfis austast í Ólafsvík, Dalbrekku.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur vel í hugmyndir og felur skipulagshöfundi að vinna málið áfram.*

*Kynnt*

### 3. ASK\_Breyting aðalskipulags við Dalbrekku, Ólafsvík - 2310010

Kynntar eru frumhugmyndir um aðalskipulagsbreytingu vegna nýs hverfis austast í Ólafsvík, Dalbrekku.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur vel í hugmyndir og felur skipulagshöfundi að vinna málið áfram.*

*Kynnt*

### 4. DSK\_Nýtt deiliskipulag vegna frístundabygðar í landi Ólkeldu - 2310011

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Kynnt er lýsing vegna nýs deiliskipulags fyrir 7 lóðir fyrir frístundahús í landi Ölkeldu. Hús verði lágrest og allt að 140 fm að stærð.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að beina lýsingunni í kynningu.*

*Samþykkt*

### 5. Gamli Kaupstaður\_Umsókn um breytingu deiliskipulags - 2311001

Arnaldur Schram sækir fyrir hönd landeiganda um beiðni til að hefja deiliskipulagsbreytingu að Gamla Kaupstað.

*Erindi tekið inn með afbrigðum.*

*Umhverfis- og skipulagsnefnd ræddi erindið og frestar því til næsta fundar.*

*Frestað*

### 6. Túnbrekka 2 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir svölum og bílskýli - 2310006

Jóhann Eiríksson sækir um byggingarleyfi fyrir bílskýli og svölum við hús sitt að Túnbrekku 2. Verðnd við NV gafi húss verður lengd út frá núverandi bílastæði og steinsteypt þannig að úr verði svalir. Undir svölunum er fyrirhugað bílskýli. Gluggi á efri hæð á NV gafli vikur fyrir rennihurð. Sjá meðfylgjandi teikningar.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um brunavarnir og skilyrði byggingarreglugerðar.*

*Samþykkt*

### 7. Fyrirspurn varðandi skika fyrir lítið sumarhús á Hellissandi - 2310012

Borgrímur Þráinsson sendir inn fyrirspurn til umhverfis- og skipulagsnefndar þar sem hann óskar eftir leyfi til að setja niður sumarhús/heilsárshús á óbyggðu landi nærri sjó norðaustan við Hellissand.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar erindinu þar sem svæðið sé ekki inni á skipulagi og er mögulegt framtíðar byggingarsvæði vegna stækkunar þéttbýlis. Umsækjanda er boðið til viðtals á tæknideild Snæfellsbæjar til að ræða aðra möguleika.*

*Hafnað*

### 8. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2023 - 2302015

- Sæluhúsið

Ástand sæluhússins rætt. Nefndin beinir til bæjarstjórnar þeirri hugmynd að mynda samstarf Vegagerðarinnar, Minjastofnunar og sveitarfélagsins um varðveislu hússins og sögu þess. Húsið er mikið aðdráttarafli fyrir ferðamenn og athuga mætti með styrk frá Uppbyggingarsjóði ferðamanna.

- Spennustöð við Norðurtanga 4 rædd.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:45.

Krishana Þormann &  
Fellurjón Tannar  
Hönnuðun 4ar.

Masun<sup>2</sup>  
Halldór Klumma



**16. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 3. október 2023 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.**

Mætt: Kristinn Jónasson, Vagn Ingólfsson, Matthías Páll Gunnarsson, Ævar Sveinsson, Baldvin Leifur Ívarsson og Björn Arnaldsson. Ragnar Mar Ragnarsson komst ekki. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.

**1) Björn fór yfir framkvæmdir á vegum hafnarinnar:**

- a. Framkvæmdir við þekju og lagnir á Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram. Verið er að undirbúa að setja upp lýsingu og búnað á bryggjuna varðandi öryggismál, en bráðabirgðalýsing hefur verið sett upp.
- b. Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram, verið er að vinna við framkvæmdir utan húss.
- c. Vinna við dýpkunarframkvæmdir í innsiglingunni til Rifshafnar er stopp eins og áður hefur komið fram. Verið er að ræða við Vegagerðina og verktakann um framhaldið.
- d. Framkvæmdir við stækkun og hækkun á Trébryggju við Norðurtanga í Ólafsvík eru byrjaðar. Samið var við Köfunarþjónustu Sigurðar ehf. um framkvæmd verksins og mætti verktakinn á verkstað með tæki og búnað 15.09. s.l.
- e. Framkvæmdum við sjóvörn við Ólafsbraut er að mestu lokið, eftir er að lengja ræsi við Hvalsá og raða grjóti á því svæði. Þá er lokafrágangur innan við garðinn eftir.
- f. Á næstu dögum hefjast framkvæmdir við sjóvörn á Hellnum ásamt vinnu við lokafrágang í grjótnámu. Þessum hluta framkvæmda var frestað fram í október.
- g. Búið er að steypa kantstein við hafnarhúsið og á bílastæði fyrir ofan höfnina á Arnarstapa og á nýju bílastæði við Rifshöfn. Frágangur og þökulagning er eftir.
- h. Eftir er að merkja nýtt bílastæði á hafnarsvæði Rifshafnar og bílastæði fyrir ofan höfnina á Arnarstapa. Bílastæðið við Bárð Snæfellsás verður merkt í leiðinni.
- i. Verið er að vinna að uppsetningu á götulýsingu á hafnarsvæði Ólafsvíkurhafnar við Norðurtanga, frá bryggju að hafnarvog.
- j. Verið er að laga steypuskemmdir á veginum niður að höfninni á Arnarstapa.

**2) Leifur fór yfir ýmsar framkvæmdir:**

- a. Breytt íbúð á Dvalarheimilinu Jaðri og búin til geymsla fyrir stódtæki. Þeirri framkvæmd er lokið.
- b. Lokið við að mála og setja upp innréttingar að Engihlíð 18 1hh. Það virðist vera raki í íbúðum á neðstu hæð í Engihlíð 18. Mögulega þarf að dreina fyrir utan og verður það skoðað núna í mánuðinum.
- c. Ýmis smærri verkefni s.s. vegna leikskólans, Jaðars og ýmis önnur viðhaldsverkefni á stofnunum bæjarins.



Handwritten signatures and initials in blue ink at the bottom right of the page. The signatures include 'vi', 'MPG', and several other illegible initials.

**3) Ævar fór yfir framkvæmdir á vegum Áhaldahússins:**

- a. Lagður leki á gömlu vatnsstofnlögninni í Rífi, skipt um inntak við Sandholt 20 og einnig Grundarbraut 4 í Ólafsvík.
- b. Tengdum skólþ undir húsinu að Ólafsbraut 23 ásamt því að búið er að sandsparsla og mála húsið að innan. Stefnt er að því að ljúka við alla vinnu við húsið í þessum mánuði.
- c. Gengið frá slátturgræjum og þær lagfærðar eftir sumarið.
- d. Rifinn veggur á Jaðri.
- e. Aðstoðað við þak á Gufuskálum.
- f. Unnið við sundlaug. Stóru rörinum komið fyrir, smíðaður pallur undir dælu og smíðaðar festingar undir stóru rörin og þær settar upp.
- g. Tvö hús sem eiga að fara á Lýsuhól gerð klár fyrir flutning, þau flutt og sett niður á Lýsuhóli.

**4) Matthías fór yfir framkvæmdir við íþróttamannvirki og slökkvilið:**

**Sundlaug**

- a. Í september var farið í að tæma vaðlaug til að færa yfirfallstankana til að koma rennibrautalögnum fyrir. Vaðlaug var þrífín og vatn sett í hana aftur
- b. Gat var sagað á vegg í sundlaugarkjallara fyrir rennibrautarlagin.
- c. Sundlaug var tæmd og farið í að gera inntaksgöt á hana fyrir rennibrautardælu og affall frá rennibraut. Í framhaldi af því var sundlaug máluð og gert við nokkrar flísar á bakka.
- d. Huga þarf að því að skoða betur stóra viðgerð á sundlaugarbakka þar sem hann er orðinn frekar lélegur. Steypa undir flísum er orðin fúin eða laus í sér og margar flísar sprungnar.
- e. Búið er að smíða festingar fyrir lagnir og setja upp 315mm rör frá rennibraut að sundlaug.
- f. Sett var upp 360° eftirlitsmyndavél í sundlaugarsal.
- g. Málning var hreinsuð af gólfi í kringum heita pottinn inni og það málað aftur.
- h. Skipt var um pressu í varmadælu 2 þar sem hún var orðin léleg.
- i. Innrauðir klefar voru tengdir og teknir í notkun.
- j. Sett var upp sturta í sundlaugarsal til að fólk geti skolað af sér eftir sauna og innrauðu klefana áður en farið er aftur í sundlaug og heita potta.
- k. Heiti pottur A (úti) var tæmdur og þrífinn og stútar lagaðir.

*[Handwritten signatures and initials in blue ink]*  
vi *[initials]* *[initials]* *[initials]* MPG *[initials]*

### **Íþróttahús Ólafsvík**

- a) Gert var við dúk á stóra þakinu þar sem komin voru ca 10 göt á þakið. Einnig voru niðurföll hreinsuð.
- b) Matthías mun hafa samband við Hallgrím, sem sá um þakið á grunnskólanum á Hellissandi, og fá hann til að meta ástand þaksins og í framhaldinu að fá tilboð í lagfæringar á þakinu.

### **Fótboltavöllur Ólafsvík**

- a) Búið er að frosttæma vökvunarkerfi á fótboltavelli.
- b) Gert var við þrjú af fjórum ljósum í flóðlýsingu á fótboltavelli. Enn er eitt ljós bilað en beðið er eftir viðgerð á því. Ljósín eru enn í ábyrgð – ábyrgðarviðgerð.

### **Slökkvistöð**

- a) Sett var upp brunaviðvörðunarkerfi í húsnæði slökkvistöðvar.
- b) Verið er að skoða breytingar á öryggiskerfunum á öllum stofnunum bæjarins.

## **5) Vagn fór yfir framkvæmir í skólamannvirkjum:**

### **Grunnskólahúsnæðið í Ólafsvík**

- a) Gluggar sem settir voru í grunnskólann í Ólafsvík voru kittaðir og málaðir.
- b) Áhaldahúsið er búið að vera að þökuleggja meðfram nýja malbikinu í Ólafsvík. Það er mjög vel gert.
- c) Slökkvitæki í Ólafsvík hafa öll verið yfirfarin og eru í góðu lagi.
- d) Það er nóg af allskyns smávægilegu sem þarf að huga að þegar skóli byrjar á haustin og mikill tími farið í það.

### **Grunnskólahúsnæðið á Hellissandi**

- e) Nánast allar framkvæmdir búnar. Búið er að mála allt húsið að utan og þakframkvæmdum lokið. Flest allir gluggar eru komnir í og frágengnir. Efri þakkantur var klæddur og einangraður. Það sem upp á vantar er að koma fyrir öllum niðurfallsrörum, það vantar að kjarnabora undir neðri þakkant en búið er að fá að verktaka í verkið.
- f) Margt smávægilegt hefur líka þurft að leysa við skólabyrjun.




Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'MPG' and 'S'.

**6) Kristinn fór yfir nokkra punkta:**

- a) Búið er að setja járn á þakið á Gufuskálum en eftir að setja þakkant, áfellur og rennur.
- b) Búið er að flytja húsin á Lýsuhól og framkvæmdir hafnar við að loka þeim og tengja við eldra húsnæði.
- c) Verið er að ganga frá lóðum við Engihlíð 18-22 eftir malbiksframkvæmdir. M.a. verður þökulagt og fleira.
- d) Það þarf að athuga með skjólvegg við salernisgáminn á Arnarstapa.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 7. nóvember kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:13

  
BOÖRN ARNALOSSONS.  
Matthias Páll Gunnarsson  
Ólafur Sveinsson  
Baldur L. Jónsson  
Ólafur Jónsson  
Vagn Ingólfsson

**17. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 7. nóvember 2023 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.**

Mætt: Kristinn Jónasson, Vagn Ingólfsson, Matthías Páll Gunnarsson, Ævar Sveinsson og Baldvin Leifur Ívarsson. Björn Arnaldsson og Ragnar Mar Ragnarsson komust ekki. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.


**1) Björn sendi punkta um framkvæmdir á vegum hafnarinnar:**

- a. Framkvæmdir við þekju og lagnir á Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram. Búið er að setja upp lýsingu og verið er að undirbúa uppsetningu á búnaði vegna öryggismála.
- b. Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram, búið er að loka húsinu og unnið er að lokaframkvæmdum utan húss.
- c. Vinna við dýpkunarframkvæmdir í innsiglingunni til Rifshafnar er stopp eins og áður hefur komið fram. Verið er að ræða við Vegagerðina og verktakann um framhaldið.
- d. Framkvæmdir við stækkun og hækkun á Trébryggju við Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram. Búið er að rífa hluta af núverandi bryggju og verið er að undirbúa rekstur á staurum.
- e. Framkvæmdum við sjóvörn við Ólafsbraut er að mestu lokið, búið er að lengja ræsi við Hvalsá og eftir er að raða grjóti á því svæði. Þá er byrjað á lokafrágangi innan við garðinn.
- f. Framkvæmdum við sjóvörn á Hellnum ásamt vinnu við lokafrágang í grjótnámu er lokið.
- g. Búið er að setja upp lýsingu á bílastæði fyrir ofan höfnina á Arnarstapa. Frágangur og þökulagning er eftir.
- h. Búið er að steypa gangstétt, ganga frá kantsteinum og setja upp lýsingu á nýju bílastæði á hafnarsvæði Rifshafnar. Framkvæmdum lokið.
- i. Eftir er að merkja nýtt bílastæði á hafnarsvæði Rifshafnar og bílastæði fyrir ofan höfnina á Arnarstapa. Bílastæðið við Bárð Snæfellsás verður merkt í leiðinni. Þessum framkvæmdum hefur verið frestað til apríl/maí 2024.
- j. Búið er að setja upp götulýsingu á hafnarsvæði Ólafsvíkurhafnar við Norðurtanga, frá bryggju að hafnarvog. Framkvæmdum lokið.

**2) Vagn fór yfir framkvæmir í skólmannvirkjum:**

**Grunnskólahúsnæðið í Ólafsvík**

- a) Utan þeirrar vinnu sem fylgir skólastarfinu þá hefur vinnan í október aðallega verið málningarvinna innandyra á útveggjum og lagfæringar á illa förnum gluggum efri hæðar.



- b) Í lok októbermánaðar, einhvern tíman á bilinu 20. – 25. kom leki á heitavatslögnum í skriðkjallara skólans. Skriðkjallarinn er sirka 40-50 m<sup>2</sup> undir holi inn af barnaanddyri. Lekans varð vart miðvikudaginn 25. október, eftir vetrarfrí, og þá var ljóst að töluvert vatn var á gólfi og raki í rýminu mikill. Tjónið var tilkynnt tryggingarfélaginu strax. Þriðjudaginn 31. október verður aftur vart við leka og þá í öðru röri. Vatnslekinn var töluverður og auðséð á þeirri lögnum, eftir að einangrun var fjarlægð, að stórt ryðgat er á lögnum. Bráðaviðgerð var gerð þegar viðgerðarklemma fékkst, en lokað var þá fyrir vatnið. Eftir að bráðaviðgerð lauk var strax ljóst að hún hélt ekki. Í þessum kjallara hefur í gegnum tíðina verið mikið af allskonar rusli sem hefði þurft að vera búið að fjarlægja. Forsendan fyrir því að hægt væri að vinna þarna var að fjarlægja ruslið. Síðastliðinn sunnudag, 5. nóvember, fengum við félagi í Lionsklúbbi Ólafsvíkur í það verk og gekk það vel. Nú er staðan þannig að búið er að þrifa allt rusl úr kjallaranum. Hiti er á öllu ofnakerfi, en heitavatslaust í öllum vöskum gamla skólans. Rakaryksuga er nú staðsett niðri í kjallaranum og pípari hefur skoðaða aðstæður. Biðum við þess að gæt verði að fara í viðgerðir, en enn er mikill raki í rýminu.
- c) Von er á Jóni Tryggvasyni í ísetningu á seinasta glugganum á norðurhlíð skólans. Einnig þarf að skipta út gleri í einum nýja glugganum á norðurhlíðinni, en það var brotið þegar hann var settur í.
- d) Niðurföll á skólalóð voru öll hreinsuð af Lárusi.
- e) Vinna að kostnaðarliðum þeirra framkvæmda sem við leggjum áherslu á að þurfi að eiga sér stað við skólann á næsta ári. Þar ber hæst múrvinna og málningarvinna, ásamt endurbótum á eldhúsi. Þeir kostnaðarliðir hafa verið sendir Snæfellsbæ fyrir fjárhagsáætlunargerð.

### **Grunnskólahúsnaðið á Hellissandi**

- f) Undirbúningsvinna á skólastofu og önnur almenn vinna sem fylgir skólastarfinu.
- g) Eftir er að kjarnabora.

### **3) Ævar fór yfir framkvæmdir á vegum Áhaldahússins:**

- a. Unnið við sundlaugina í Ólafsvík.
- b. Grafir niður ljósastaurar við Ólafsbraut 23 og settir kaplar í þá.
- c. Lagður leki á þakinu á Ráðhúsinu.
- d. Bílum komið í skoðun. 3 bílar teknir af skrá og komið í geymslu.
- e. Grafið fyrir vatnsinntak við Ólafsbraut 23, tengt og gengið frá.
- f. Skipt um vatnsinntak á Munaðarhóli 21.
- g. Merktir bilaðir ljósastaurar og þeir lagaðir. Skipt um 49 hausa.
- h. Gengið frá tjaldstæðum og þau gerð klár fyrir veturinn.

Ólaf  
MPG  
HJ

- i. Frágangur við sökkul á Ólafsbraut 23.
- j. Gangsett varmadæla, loft í vatn, á Ólafsbraut 23. Hún gengur vel.
- k. Ýmislegt fleira sem kemur upp á dags daglega.

**4) Leifur fór yfir ýmsar framkvæmdir:**

- a. Engihlíð 16d var máluð og gerð tilbúin til útleigu.
- b. Verið er að vinna í gólfhitakerfinu í Engihlíð 16e.
- c. Unnið var í íbúð í Engihlíð 18, 1hh. Hún er komin í útleigu.
- d. Íbúð í Engihlíð 20, 3hm, var gerð tilbúin. Hún er komin í útleigu.
- e. Verið er að vinna í íbúðinni Vallholt 19, 1hh.
- f. Máluð ein íbúð á Jaðri og ýmislegt tilfallandi gert jafnframt því.
- g. Búið að rífa ónýtan dúk af leikskólanum á Hellissandi. Gólfíð er að þorna. Að því loknu verður fyllt í sprungu, gólfíð lagað og dúklagt.
- h. Ýmislegt tilfallandi unnið á leikskólanum.

**5) Matthías fór yfir framkvæmdir við íþróttamannvirki og slökkvilið:**

**Sundlaug Ólafsvík.**


- a. Það fór pressa í varmadælu 2. Ný pressa sett í og komin í gang.
- b. Skipt í ljós í kvennaklefanum. Þar eru komin led ljós.
- c. Skipt um flest ljós í kjallaranum. Flúorljósin voru farin að detta út.
- d. Vaðlauginni var lokað og hlerinn settur yfir.
- e. Búið að tengja mótörinn fyrir rennibrautina.
- f. Það er búið að vera að ljúka við lagnavinnu í sundlaugarkjallaranum fyrir vatnsrennibrautina.
- g. Það þurfti að hleypa úr sundlauginni til háls til að búa til úrtak fyrir lagnirnar.

**Íþróttahús Ólafsvík**

- a) Búið að skipta um brunaviðvörðunarkerfi. Sú sem var fyrir var orðin ónýt.
- b) Sett ljós í áhaldageymslu, öllum ljósum skipt þar út.
- c) Menn frá Mílu komu og settu ljósleiðararör inn í húsið.
- d) Verið er að finna ledljós í staðinn fyrir perurnar sem fyrir eru í útiljósunum.

**Fótboltavöllur Ólafsvík**

- a) Tveir kastarar eru bilaðir. Verið er að vinna í þessu hjá framleiðandanum. Líklegast kominn tími á að skipta gömlu kösturunum öllum út.



b) Völlurinn verður djúphreinsaður á næsta ári og gert við skemmdir á grasinu.

**Slökkvistöð**



- a) Það er ljós í Scaniu bifreiðinni sem fór ekki við viðgerð. Það er eitthvað bilað sem þarf að kíkja á. Klettsmaður er að koma í vikunni til að skoða þetta. Billinn er samt sem áður nothæfur.
- b) Húsið er líklega of heitt og þurrt. Þarf að skoða þetta betur.
- c) Búið að fjárfesta í reykblásara sem er rafmagn/batterí.
- d) Í síðustu viku var slökkviliðsæfing á gámastöðinni. Jafnframt var haldin slysaæfing með 16 bráðalæknum frá Landspítalanum. Sú æfing gekk mjög vel.

**6) Kristinn fór yfir nokkra punkta:**

- a) Framkvæmdum við þak á Gufuskálum er að mestu lokið. Frágangur á rennum er eftir.
- b) Framkvæmdir eru í gangi við stækkun á skólanum á Lýsuhóli.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 5. desember kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:21

  
Kristinn Gunnarsson  
Matthias Páll Gunnarsson  
Orna Lærins  
Baldur L. Þarssæen,  
Vagn Ingólfsson  




Fullgild rafraen undirskrift  
**SIGRÚN ÓLAFSDÓTTIR**  
Kennitala: 720465-5009  
2023-10-09 17:52:40 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift  
**TRAUСТИ GYLFASON**  
Kennitala: 300964-4949  
2023-10-09 18:14:32 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift  
**KRISTINN HALLUR SVEINSSON**  
Kennitala: 210572-5979  
2023-10-09 19:31:29 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift  
**INGA MARÍA SIGURÐARDÓTTIR**  
Kennitala: 010388-3099  
2023-10-09 20:15:18 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift  
**SIGURHANNA ÁGÚSTA EINARSDÓTTIR**  
Kennitala: 301188-3669  
2023-10-09 23:21:50 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift  
**ÞORSTEINN NARFASON**  
Kennitala: 200366-5069  
2023-10-10 09:51:14 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift  
**EIRÍKUR BÖÐVAR RÚNARSSON**  
Kennitala: 240386-3139  
2023-10-10 09:57:24 GMT  
Ástæða: Undirskrift



## Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

### 185. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn á Teams mánudaginn 9. október 2023 og hófst hann kl. 16:00.

Mættir: Kristinn Hallur Sveinsson, Sigrún Ólafsdóttir, Ágústa Einarsdóttir, Eiríkur Rúnarsson (varamaður Auðar), Inga María Sigurðardóttir (varamaður Birkis), Skúli Hreinn Guðbjörnsson og Trausti Gylfason.

Forföll: Auður Kjartansdóttir, Skúli Hreinn Guðbjörnsson og Birkir Snær Guðlaugsson.

#### Dagskrá

1. Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndarinnar
  - 1.1 Jóhannes E. Ragnarsson sækir um nýtt starfsleyfi fyrir gististað og vatnsveitu að Hraunhálsi. Starfsleyfið var gefið út 10. júní 2023 og gildir í 12 ár.
  - 1.2 Matarlistinn ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir matsölustað 17-50 manns í Þjóðgarðsmiðstöðinni að Sandahrauni 5 Hellissandi. Leyfið var gefið út 13. júlí og er ótímabundið.
  - 1.3 Ístak hf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir starfsmannabúðir að Horni í Skorradal. Leyfið var gefið út 19. júlí 2023 og gildir í 12. ár.
  - 1.4 Hoppland ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir skemmti og þemagarði og smásölu á matvælum og drykkjarvörum. Leyfið var gefið út 21. júlí 2023 og gildir til 1. október 2023.
  - 1.5 Guðlaugur S. Sigurgeirsson ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir gististað fyrir 33 gesti og matsölustað fyrir 17 gesti í sal. að Hlíð, Dalabyggð. Leyfið var samþykkt 26. júlí 2023 og gildir í 12 ár.
  - 1.6 Katrín Lilja Ólafsdóttir sækir um nýtt starfsleyfi fyrir fótaaðgerðarstofu Gunnarsbraut 8, Búðardal. Leyfið var samþykkt þann 3. ágúst 2023 og gildir í 12 ár.
  - 1.7 Hafnarvagninn slf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir lítinn íssöluvagn/matarvagn við höfnina í Stykkishólmi. Leyfið var samþykkt 9. ágúst 2023 og er ótímabundið.
  - 1.8 Hafnarvagninn slf. sækir um lítinn matarvagn (fiskur og franskar) við höfnina í Stykkishólmi. Leyfið var samþykkt 9. ágúst 2023 og er ótímabundið.
  - 1.9 Grettisstillur ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir minni gististað og matsölustað í veiðihúsinu í Hítará. Leyfið var gefið út þann 11. apríl og gildir í 12 ár.
  - 1.10 Íslensk bláskel og sjávargróður ehf. sækir um nýtt leyfi fyrir rekstri skelvinnslu og þurrkun sjávargróðurs vegna mengunarvarna að Nesvegi 15. Leyfið var gefið út og gildir í 12 ár.
  - 1.11 B. Sturluson ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir vörugeymslur og vöruflutningamið að Nesvegi 13, Stykkishólmi.
  - 1.12 Sumarbúðir KFUM og KFUK Ölver sækja um endurnýjun á starfsleyfi fyrir sumarþúðir í Ölveri, Hvalfjarðarsveit, Gististað, mótuneyti, vatnsveitu og opið leiksvæði. Leyfið var gefið 21. ágúst 2023 og gildir í 12 ár.
  - 1.13 Laugavellir ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir gististað og vatnsveitu að Laugarvöllum, Reykholti. Leyfið var gefið út 21. ágúst 2023 og gildir í 12 ár.
  - 1.14 Ólafsvík Guesthouse ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir minna gistiheimili að Brautarholti 7. Leyfið var gefið út 22. ágúst 2023 og gildir í 12 ár.

- 1.15 Norðurál Grundartangi ehf. sækir um starfsleyfi fyrir mötuneyti með fullbúnu eldhúsi í starfsmannabúðum á lóð Norðuráls. Leyfið var gefið út 22. ágúst 2023 og gildir til 31. desember 2023
- 1.16 Ragnheiður Guðmundsdóttir sækir um nýtt starfsleyfi fyrir minna gistiheimili að Munaðarhóli 25-27 (Himinbjörg), Hellissandi. Leyfið var gefið út 21. maí 2023 og gildir í 12 ár.
- 1.17 DBR ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir matsölustað >50 manns Dirty Burgers and Ribs Brúartorgi 6, Borgarnesi. Leyfið var gefið út 24. ágúst 2023 og gildir í 12 ár.
- 1.18 Kaldárbakkabúið ehf. sækir um handhafabreytingu á starfsleyfi fyrir vatnsveitu fyrir mjólkurbú að Hrauntúni, Borgarbyggð. Leyfið var yfirfært á nýjan rekstraraðila 4. september 2023 en leyfið var upphaflega gefið út 22. ágúst 2021 og er ótímabundið.
- 1.19 Vatnsveita Vatnsenda ehf. sækir um endurnýjun starfsleyfi fyrir vatnsveitu frístundabyggðar Vatnsendahlíð. Leyfið var gefið út 13. september 2023 og er ótímabundið.
- 1.20 Miðbúð ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir minna gistiheimili að Miðbúð 5, Kjósarhreppi. Leyfið var gefið út 21. september 2023 og gildir í 12 ár.
- 1.21 Hrísdalur sf sækir um nýtt starfsleyfi fyrir minna gistiheimili að Hrísdal 1 Stykkishólmi. Leyfið var gefið út 21. september 2023 og gildir í 12 ár.
- 1.22 Vínlandssetur ehf. sækir um handhafabreytingu á starfsleyfi fyrir veitingastað og ísbúð að Vesturbraut 12 a, Búðardal. Leyfið var yfirfært á nýjan rekstraraðila 21. september 2023 en upphaflegt leyfi var gefið út 29. janúar 2021 og gildir í 12 ár frá þeim degi.
- 1.23 Ægir Gym ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir líkamsræktarstöð að Hafnargötu 8, Akranesi. Leyfið var gefið út 22. september 2023 og gildir í 12 ár.
- 1.24 Þróttur ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir námu Stóru Fellsöxl. Leyfið var gefið var auglýst á vef eftirlitsins 12. apríl til 10. maí 2023 engar athugasemdir bárust. Leyfið var gefið út með hnitakorti þann 22. september 2023 og gildir í 12 ár.
- 1.25 Þórunn Elva Þórðardóttir sækir um handhafabreytingu vegna starfsleyfis fyrir snyrti og fótaaðgerðarstofu (Daladekur) að Vesturbraut 8, Búðardal. Leyfið var fært á nýjan rekstraraðila 25. september en það var upphaflega gefið út 15. mars 2019 og gildir í 12 ár frá þeim degi.
- 1.26 Svarfhóll ehf. sækir um starfleyfi fyrir vatnsveitu vegna frístundabyggðar fyrir lóðarleiguhafa Svarfhóli Svínadal í Hvalfjarðarsveit. Leyfið var gefið út 25. september 2023 og gildir í 12 ár.
- 1.27 Jörfabændur ehf. sækja um starfsleyfi fyrir mjólkurframleiðslu að Jörfa Mýrum Borgarbyggð. Leyfið var gefið út 26. september 2023 og er ótímabundið.
- 1.28 Jón Eiríkur Einarsson sækir um starfsleyfi fyrir minna gistiheimili að Mófellsstaðakoti, Skorradalshreppi. Leyfið var gefið út 27. september 2023 og gildir í 12 ár.
- 1.29 Galito ehf. sækir um handhafabreytingu á starfsleyfi fyrir stærri matsölustað að Stillholti Akraneskaupstað. Leyfið var flutt á nýjan rekstraraðila 2. október 2023 en upphaflega gefið út 1. október 2020 og gildir í 12 ár frá þeim degi.

*Lagt fram.*

- 1.30 Erindi Líflands dagsett 31. ágúst 2023 þar sem óskað er eftir að heilbrigðisnefnd taki upp fyrri ákvörðun um að ekki sé unnt að afgreiða starfleyfi fyrir nýja hveitimyllu á Grundartanga vegna nálægðar við mengandi starfsemi. Fyrirtækið hefur boðað að það muni senda meiri upplýsingar varðandi málið.

*Afgreiðslu er frestað til næsta fundar.*

## 2. Umsagnir til sýslumanns

### Umsagnir til sýslumanns rekstrarleyfi

- 2.1 D9 ehf sækir um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki V, minna gistiheimili með veitingarstað og áfengisveitingum á Miðbraut 15 Búðardal. Jákvæð umsögn var send 11. júlí 2023.
- 2.2 Hreggnasi Veiðihús ehf. sækir um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki IV, hótél í veiðihúsinu við Grímsá, Borgarbyggð. Frestun umsagnar þann 19. júlí 2023 vegna úrbótakrafna.
- 2.3 Guðlaugur S. Sigurgeirsson sækir um rekstrarleyfi til reksturs gististað (Dalahyttur) í flokki IV, hótél -gististaður með veitingarstað með áfengisveitingum að Hlið í Hörðudal, Dalabyggð. breyting vegna aukins gestafjölda. Jákvæð umsögn var send 26. júlí 2023.
- 2.4 Laugavellir ehf. sækir um rekstrarleyfi vegna breytinga á rekstri með auknum gestafjölda (22 manns) Jákvæð umsögn send 21. ágúst 2023.
- 2.5 DBR. ehf. sækir um rekstrarleyfi til reksturs veitingarstaðar (Dirty Burgers and Ribs) að Brúartorgi 6, Borgarnesi. Gestafjöldi er 74 manns. Jákvæð umsögn send 24. september 2023.
- 2.6 Ólafsvík Guesthouse ehf. sækir um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund stærra gistiheimili með gestafjölda 10 manns. Jákvæð umsögn send 22. ágúst.
- 2.7 Lighthouse Restaurant ehf. sækir um rekstrarleyfi fyrir veitingarstað í flokki II, A- veitingarhús að Kirkjubraut 8-10 Akranesi. Jákvæð umsögn send með skilyrðum þann 24. ágúst 2023.
- 2.8 Hrísdalur sf sækir um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, C minna gistiheimili í íbúðarhúsi að Hrísdal í Eyja og Miklaholtshreppi. Hámarksfjöldi gista er 10.
- 2.9 Miðbúð ehf. sækir um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund C minna gistiheimili að Miðbúð, Kjósarhreppi. Jákvæð umsögn send þann 21. september 2023.
- 2.10 Jón Eiríkur Einarsson sækir um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, í tveimur frístundahúsum í landi Mófellstaðakots í Skorradal. Gestafjöldi er 8 manns. Jákvæð umsögn send 27. september 2023.
- 2.11 Jóhannes E. Ragnarsson sækir um rekstarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund H frístundahús. Gestafjöldi 4. Jákvæð umsögn send 10. júlí 2023.
- 2.12 Radím Radímsson sækir um nýtt rekstarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund E-fjallaskáli. Gisting í tveimur frístundahúsum að Hálsi 2 og Hálsi 3 í Eyrarsveit, Grundarfirði. Hámarksfjöldi gesta er 5 í hvoru húsi. Jákvæð umsögn send út 11. júlí 2023.

### Umsagnir til sýslumanns tækifærisleyfi

- 2.13 Lighthouse restaurant ehf. sækir um tækifærisleyfi vegna tónleika- Lokapartý Hinsegin Vesturland að Kirkjubraut 8-10. Þann 22. júlí 2023 frá kl. 22-03. Áætlaður gestafjöldi er 300 manns. Jákvæð umsögn veitt 21. júlí 2023.
- 2.14 Lighthouse restaurant ehf. sækir um tækifærisleyfi vegna tónleika The Tanks- að Kirkjubraut 8-10. Þann 27. júlí 2023 frá kl. 22-03. Áætlaður gestafjöldi er 200 manns. Jákvæð umsögn veitt 3. ágúst 2023.
- 2.15 Bara ölstofa Lýðveldisins sækir um tækifærisleyfi vegna skemmtun Barafest með tónlistaratriðum þann 5.- 7. október 2023. Gestafjöldi er uppgefinn 150 gestir. Skemmtunin á að fara fram í Grímshúsi, Brákarey í Borgarnesi 5. október 18-02.
- 2.16 Lighthouse restaurant ehf. sækir um tímabundið áfengisleyfi fyrir dansleik á veitingarstaðnum Kirkjubraut 8 á Akranesi, 30. september kl. 22-03. Gestafjöldi á umsögn var 200 manns. Jákvæð umsögn send 27. september 2023 með skilyrðum fyrir gestafjölda 100 manns.
- 2.17 Kvenfélag Þverárhliðar sækir um tækifærisleyfi vegna dansleiks (Geirmundarball) 25. ágúst í samkomuhúsinu við Þverárhlið kl. 23.00—03.30. Gestafjöldi 95 manns, 26. ágúst 2023. Jákvæð umsögn send þann 17. ágúst 2023.

- 2.18 Fjölbrautarskóli Vesturlands sækir um tækifærisleyfi vegna skóladansleiks FVA sem halda á í fjölbrautarskólanum, Vogabraut 5, Akranesi 21. september 2023. Jákvæð umsögn send 8. september 2023.
- 2.19 Knattspyrnufélag ÍA sækir um tækifærisleyfi vegna lokahófs Knattspyrnufélags ÍA sem halda á í íþróttahúsinu að Vesturgötu 130 á Akranesi. Áætlaður gestafjöldi á samkomunni er 500 manns kl. 19-03 16./30. september 2023

*Lagt fram.*

### 3. Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál

#### **Skipulagsstofnun**

- 3.1 Umsagnarbeiðni vegna endurskoðunar aðalskipulags Borgarbyggðar 2025-2037. Umsögn veitt 8. september 2023.

#### **Akraneskaupstaður**

- 3.2 Umsagnarbeiðni vegna skipulagslýsingar vegna Aðal- og deiliskipulags við Jaðarsbakka á Akranesi. Umsögn send 6. Júlí 2023.

#### **Borgarbyggð**

- 3.3 Umsagnarbeiðni vegna deiliskipulags Frísundabyggðar við Flókagötu í landi Munaðarness. Umsögn heilbrigðiseftirlits send 21. júlí 2023.

#### **Kjósarhreppur**

- 3.4 Umsagnarbeiðni vegna verkefnalýsingar fyrir nýtt deiliskipulag fyrir Eyri í Kjós og breytt Aðalskipulag 2017-2029. Umsögn heilbrigðiseftirlits send 10. júlí 2023.

#### **Snæfellsbær**

- 3.5 Umsagnarbeiðni vegna deiliskipulags frístundabyggðar fyrir Stóra-Kamb. Umsögn heilbrigðiseftirlits send þann 12. september 2023.

*Lagt fram.*

### 4. Starfsemi sem hefur fengið staðfesta skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

- 4..1 H.K verktakar ehf. Niðurrif mannvirkja, Borgarbraut 55, Borgarnesi. Skráð 22. ágúst 2023, auðkenni skráningar 356800.
- 4.2 Blossi ehf. Efnalaug Grundargötu 61, Grundarfirði. Skráð 21. ágúst 2023, auðkenni skráningar 352733.
- 4.3 Urð og grjót ehf. Niðurrif mannvirkja, Suðurgata 108, Suðurgata 124, Dalbraut 8 og Dalbraut 10, Akranesi. Skráð 10. ágúst 2023. Auðkenni skráningar 354887.

*Lagt fram.*

5. Undanþágur fyrir ungmenni til að afgreiða tóbak  
Blómsturvellir slf. sækir um undanþágu fyrir ungmenni til að selja tóbak í verslun fyrirtækisins að Ólafsbraut 27 í Ólafsvík. Umsóknin byggir á því að ekki hafi fengist starfsmenn eldri en 18 ára til starfa hjá fyrirtækinu. Tímabundin undanþága var veitt til sex mánaða þann 29. september
6. Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2024  
Drög að fjárhagsáætlun voru lögð fram ásamt skjali sem sýnir útreikning á tímagjaldi.  
*Samþykkt*
7. Gjaldskrá fyrir heilbrigðis-, mengunarvarna- og matvælaeftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands  
Lögð fram drög að gjaldskrá fyrir árið 2024 (gildistaka 1. Janúar 2024) og eftirlitsáætlun fyrir árið 2024.  
*Samþykkt*
8. Bréf Libra Lögmanna til Heilbrigðisnefndar Vesturlands dagsett 29. september 2023 um vatnsmál á Akranesi ofl.  
Bréfið var kynnt og er framkvæmdastjóra falið að svara bréfinu.
9. Önnur mál
  - a. Skýrsla starfshóps til að móta tillögur um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum  
Fjarfundur verður haldinn fyrir heilbrigðisnefndir á miðvikudag kl. 16 þar sem skýrslan verður kynnt.

Fundi slitið kl 17.30

# Fundargerð 65. fundar stjórnar SSKS

Fundur í stjórn SSKS fimmtudaginn 5. október 2023 kl. 08:15. Mætt voru aðal- og varamenn, Íris Róbertsdóttir, Kristinn Jónasson, Björn Ingimarsson, Björg Ágústsdóttir, Katrín Sigurjónsdóttir og Jón Páll Hreinsson ásamt Ingibjörgu Hinriksdóttur sem ritaði fundargerð.

Stjórn skiptir með sér verkum

Íris setti fund og bauð nýja stjórn velkomna til starfa. Byrjaði hún á því að bjóða sig fram til formanns og var það samþykkt.

Fastir fundartímar

Formaður lagði til að næsti fundur væri miðvikudaginn 8. nóvember kl. 08:15. Formaður lagði einnig til að stjórnin myndi funda tvisvar sinnum eftir áramót og hafa stefnumótunarfund fljótlega á nýju ári þar sem ákveðið yrði hver yrðu aðaláhersluatriði ársins 2024.

Fundur með ráðuneyti

Íris hefur rætt við fulltrúa í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu og er búið að samþykkja fund þar 11. október kl. 13:00, sem er sami dagur og ársfundur Landsvirkjunar er haldinn. Hvatti hún stjórnarmenn til að mæta ef þess er nokkur kostur. Á fundinum verður rætt um gjaldskrármál fjarvarmaveita bæði á flutningi og orku. Er þetta fyrsti fundur stjórnar samtakana með Ráðuneytinu og stefnt er á að halda fleiri fundi með ráðuneytinu fljótlega. Rætt var um að hafa næsta fund með ráðuneytinu mögulega á Teams.

Íris, Kristinn, Björn, Björg og Katrín telja mögulegt að þau komist á fundinn 11. október.

Önnur mál

Björn Ingimarsson benti á að stjórnin á vef SSKS er ekki rétt uppfærð. Ingibjörg gengur í málið.

*Katrín fór af fundi kl. 08:29.*

Kristinn ræddi um virkjanir og aðkomu sveitarfélaga að þeim. Sköpuðust góðar umræður um það mál. Nú er lag og við þurfum að sýna breidd og samstöðu þegar samtökin herja á stjórnvöld um úrbætur í orkumálum.

Rætt fram og til baka um orkumál, mest um verðskrá Landsvirkjunar og hversu erfitt hefur reynst að fá þá að borðinu og ræða stöðu þeirra svæða sem þurfa að kynda hús með rafmagni.

Það eru í gangi nokkrir vinnuhópar úti í landshlutunum, a.m.k. í Vestmannaeyjum og á Vestfjörðum þar sem teknar eru saman nokkrar aðgerðir sem hægt er að framkvæma sem kæmi til með að létta undir húshitun hjá íbúum sveitarfélaga á köldum svæðum.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 8. nóvember kl. 08:15.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 08:49.

# Fundargerð 456. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2023, þriðjudaginn 19. september kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Björn Arnaldsson, Dóra Björk Gunnarsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir.

Að auki sátu fundinn Flosi Hrafn Sigurðsson lögfræðingur og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 455. fundar - 2301001HA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 455. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 18. ágúst 2023 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

**2. Fundur með innviðaráðherra - 2308001HA**

Formaður gerði grein fyrir fundi með innviðaráðherra, dags. 23. ágúst 2023, þar sem meðal annars var fjallað um EPI kerfið, breytingar á hafnalögum og aðra haftengda starfsemi.

*Formanni falið að fylgja málunum eftir.*

**3. Fundur hafnasambandsins og Fiskistofu - 2009020HA**

Lagðir fram minnispunktar um fund Hafnasambands Íslands og Fiskistofu sem fór fram 30. ágúst 2023. Þórdís Sif og Pétur gerðu grein fyrir minnisblaðinu og umræðum á fundinum.

**4. Drög að dagskrá hafnafundar - 2211002HA**

Lögð fram endanleg drög að dagskrá hafnafundar sem haldinn verður í ráðstefnusal Hafrannsóknarstofnunar í Hafnarfirði 20. október 2023.

*Formanni og framkvæmdastjóra falið að halda undirbúningi áfram.*

**5. Samræmd flokkun úrgangs í höfnum - 2309001HA**

Formaður segir frá fundi með fulltrúum sambandsins og Umhverfisstofnunar. Fjallað verður ítarlega um þessi mál á hafnafundi þann 20. október nk.

**6. Orkusjóður - úthlutun styrkja 2023 - 2309002HA**

Rætt um styrkveitingar úr sjóðnum í ár en engir styrkir fóru til hafna eða hafnasvæða vegna orkuskipta í tengslum við háspennu.

*Fyrir liggur að í seinustu úthlutun Orkusjóðs hafnaði sjóðurinn öllum umsóknum um styrki vegna almennra landtenginga fyrir fiskiskip og uppsetningar á búnaði á hafnarsvæðum til að landtengja farþegaskip og önnur stór og aflfrek skip. Ekki er hægt að líta á afstöðu Orkusjóðs með öðrum hætti en að uppbygging*

landtenginga á hafnarsvæðum sé hvorki forgangsmál stjórnvalda né skipti miklu í þeim mikilvægu orkuskiptum sem þjóðin stendur frammi fyrir, þrátt fyrir að lagt hafi verið upp með að þriðjungur af þeim nær milljarði sem var til úthlutunar hafi verið eyrnamerkur verkefnum til að minnka notkun á jarðeldisnotkun í flutningum og siglingum.

Til viðbótar þeim almennu hagsmunum samfélagsins af orkuskiptum í höfnum landsins þá hefur sú kvöð verið sett á hafnir sem tilheyra evrópska flutningsnetinu (TEN-T) að ljúka landtengingum fyrir árið 2030. Fimm íslenskar hafnir tilheyra flutningsnetinu. Evrópskar samkeppnishafnir íslenskra hafna hafa fengið úthlutað styrkjum til þessa úr sjóðum ESB. Ísland og Noregur greiða hins vegar ekki í þessa sjóði og því ekki möguleiki fyrir hafnir viðkomandi landa að sækja þar um. Norskar hafnir geta hins vegar sótt styrki til landtenginga í norska orkusjóðinn Enova. Íslenskar hafnir eru aftur á móti skildar eftir með íþyngjandi kvöð um landtengingu skipa en án fjárhagslegs stuðnings.

Stjórn Hafnasambands Íslands lýsir mikilli óánægju með afstöðu Orkusjóðs og fer fram á endurskoðun hennar ellegar að breytingar verði gerðar á úthlutunarreglum sjóðsins.

Í lok fundar gerði Alexandra Jóhannesdóttir grein fyrir því að frá og með næstu mánaðamótum fari hún í tímabundið leyfi frá stjórnarstörfum hjá hafnasambandinu vegna fæðingaorlofs.

Fundi var slitið kl. 12:00



# Fundargerð 457. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2023, fimmtudaginn 19. október kl. 12:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Dóra Björk Gunnarsdóttir og Björn Arnaldsson.

Í fjarfundarsambandi voru Hanna Björg Konráðsdóttir, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir og Elliði Vignisson.

Að auki sátu fundinn Flosi Hrafn Sigurðsson lögfræðingur og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Petta var tekið fyrir:

1. **Fundargerð 456. fundar - 2301001HA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 456. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 19. september 2023 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. **Fundargerð Siglingaráðs - 2009019HA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 42. fundar Siglingarráðs frá 14. júní 2023.

3. **Dagskrá hafnafundar - 2211002HA**

Formaður gerði grein fyrir endanlegri dagskrá og skipulagi fundarins. Ákvörðun var tekin um að streyma fundinum í gegnum Teams vegna veðurs.

4. **Tryggingamál hafnasjóða - 2310001HA**

Rætt um tryggingamál hafna og réttarstöðu þeirra þegar kemur að tjóni. Einnig lagt fram minnisblað sem Lex lögmannstofa vann fyrir Hafnasambands Íslands árið 2015 um tryggingamál hafna.

*Stjórn samþykkir að láta vinna aftur minnisblað um réttastöðu hafna í tryggingamálum. Formanni falið að útbúa verkefnalýsingu og leggja fram á næsta fundi.*

5. **Fjarvigtun - 2009021HA**

Rætt verður um tilraunaverkefni um fjarvigtun en eftirfarandi hafnir hafa sýnt því áhuga á að taka þátt: Borgarfjarðarhöfn, Breiðsdalsvíkurhöfn, Stöðvafjarðarhöfn, Raufarhöfn, Brjánslækjarhöfn og Hofsóshöfn.

6. **Úrvinnslusjóður - veiðafærasamningur við SFS - 2012002HA**

Formaður gerði grein fyrir samtali sem hann átti með starfsfólki í umhverfisráðuneytinu um veiðarfærasamninginn.

7. **Gjaldskrár hafna varðandi móttöku á úrgangi - 2201002HA**

Rætt um gjaldskrármál hafna varðandi móttöku á úrgangi. Stjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að hafnir hugi vel að gjaldskrá sínum þegar kemur að móttöku á úrgangi.

**8. Breyting á lögum um skipulag haf- og strandsvæða, mál nr. S-131-2023 og S-181-2023 - óskað umsagnar - 2308003SA**

Framlögð til kynningar umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 13. október 2023, um drög að frumvarpi til breytinga á lögum um skipulag haf- og strandsvæða, sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 3. október 2023.

**9. Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2022 - 2310002HA**

Lögð fram til kynningar Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna fyrir árið 2022 sem var unnin af Sólveigu Ástudóttur Daðadóttur, sérfræðingi á hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundi var slitið kl. 13:35

# Fundargerð 934. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 29. september kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Kjartan Magnússon, Helgi Kjartansson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Walter Fannar Kristjánsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir og Freyr Antonsson tóku þátt í gegnum fjarfundarbúnað. Hildur Björnsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Kjartan Magnússon mætti í hennar stað. Margrét Ólöf A. Sanders boðaði forföll, Helgi Kjartansson mætti í hennar stað. Rósa Guðbjartsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Hjördís Ýr Johnson mætti í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr, Valgerður Rún Benediktsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Jón Björn Hákonarson, varaformaður sambandsins, setti fundinn og stjórnaði fundi undir fyrsta lið í fjarveru formanns.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Orkumál - 2302016SA

Ása Valdís Árnadóttir og Haraldur Þór Jónsson, fulltrúar Samtaka orkusveitarfélaga, komu inn á fundinn undir þessum lið og kynntu tillögur um aðferðir sem hægt væra styðjast við vegna útreikninga á skiptingu tekna vegna orkuvinnslu sem samþykktar voru á aukaaðalfundi samtakanna þann 19. september 2023.

Eftirfarandi bókun samþykkt með 10 atkvæðum, Kjartan Magnússon sat hjá. Í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026 er áhersla lögð á mikilvægi sjálfstæðra tekjustofna sveitarfélaga og að þeir verði breikkaðir og styrktir til að stuðla að fjárhagslegri sjálfbærni þeirra. Tekjustofnarnir skulu vera fjölbreyttir og standa undir þeirri þjónustu sem íbúar kalla eftir, hvort sem hún er lögskyld eða lögheimil. Lögð er áhersla á að sveitarfélög fái hlutdeild í auðlindagjaldi og að fasteignaskattar verði greiddir af öllum fasteignum, þ.m.t. öllum mannvirkjum sem tengjast virkjunum og flutningi rafmagns. Í stefnumörkuninni er jafnframt tekið fram að sambandið skuli styðja við Samtök orkusveitarfélaga eins og kostur er og vinna með þeim að sameiginlegum markmiðum.

Ljóst er að málflutningur Samtaka orkusveitarfélaga styður við þessi markmið sambandsins. Þá er einnig ljóst að þær tillögur sem kynntar hafa verið fyrir stjórn sambandsins ná til mun fleiri sveitarfélaga en þeirra sem eru aðilar að þeim

samtökum Samtökum orkusveitarfélaga. Meðal annars af þeim sökum telur sambandið rétt að styðja vel við þá vinnu sem er framundan sem sameiginlegur málsvari sveitarfélaga á opinberum vettvangi.

Mikilvægt er að ríkisvaldið bregðist við þessu ákalli sem allra fyrst og sýni í verki vilja til að auka og breikka tekjur allra sveitarfélaga á sanngjarnan hátt til að tryggja fjárhagslega sjálfbærni þeirra. Stjórn felur framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir og styðja Samtök orkusveitarfélaga í þeirra baráttu.

Heiða Björg Hilmisdóttir kom inn á fund kl. 12:30 og tók við stjórn fundarins.

## 2. Jafnlaunastofa - 2101018SA

Helga Björg Ragnarsdóttir, framkvæmdastýra Jafnlaunastofu, kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir starfi Jafnlaunastofu.

Sveitarfélögin hafa undanfarin tæpan aldarfjórðung byggt launasetningu sína á starfsmati með launajafnrétti að markmiði. Sveitarfélögin hafa þannig sérstöðu á vinnumarkaði þar sem slíkri aðferðafræði er ekki beitt almennt hjá ríki eða á almenna markaðinum. Starfsmatið er mikilvægt tæki til að vinna að launajafnrétti ef rétt er að því staðið. Mikilvægt er styðja við faglega þróun starfsmatskerfisins og tryggja að kerfið þjóni markmiðum sínum. Mikilvægt er að kerfið sé skilvirk og aðgengilegt og skili niðurstöðum um mat starfa með sem skjóttustum hætti. Það er mikilvægt bæði vegna þess starfsfólks sem býður niðurstöðu starfsmats en einnig vegna þeirrar áhrifa sem bakreikningar vegna endurmats starfa hafa á rekstur sveitarfélaga. Það er öllum í hag að ferlið sé sem skilvirkast. Stjórn felur Jafnlaunastofu að koma með tillögur um umbætur á starfsmatskerfinu til faglegrar stjórnar starfsmats og að stjórn verði upplýst þegar því verkefni er lokið. Það er mikilvægt að eyða sem mest óvissu fólks um rétta launaröðun og óvissu í rekstri sveitarfélaga.

## 3. Fundargerð 932. fundar - 2301014SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 932. fundar stjórnar sambandsins frá 8. september 2023, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

## 4. Félagsþjónustunefnd sambandsins - 2210008SA

Lagðar fram fundargerðir 63. og 64. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 8. júní og 8. september 2023. Stjórn samþykkti eftirfarandi bókun samhljóða.

Mikilvægt er að leiða til lykta samninga milli ríkis og sveitarfélaga um málefni fatlaðs fólks. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga ítrekar kröfu um að málaflokkurinn verði að fullu fjármagnaður, en hallinn á árinu 2021 nemur rúmum 14 ma.kr. Við blasir að hallinn hefur vaxið á undanförunum tveimur árum. Það er krafa sveitarfélaga að í fjáráukalögum 2023 verði lagt til fjármagn í málaflokkinn sem nemur framreiknuðum halla sveitarfélaganna árið 2021 að frádregnum þeim tekjum sem 0,22% útsvarshækkun hefur skilað inn í málaflokkinn á árinu.

Framundan er stór áskorun um sértæk búsetuúrræði fyrir fatlað fólk með auknar stuðningsþarfir sem gæti kostað allt að 10 ma.kr. Nauðsynlegt er að þegar í stað verði gerð áætlun um þessa uppbyggingu og traust mat á kostnaði.

Tryggð verði stigvaxandi ný samfjármögnun ríkis og sveitarfélaga til að standa undir þeim lagaskyldum.

**5. Breytingar á innra skipulagi sambandsins - 2303020SA**

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað framkvæmdastjóra um tillögu að breytingum á innra skipulagi Sambands Íslenskra sveitarfélaga dags. 28. september 2023.

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga samþykkir nýtt skipurit sambandsins sem unnið hefur verið í samráði við starfsfólk og stjórn á undanförunum mánuðum. Markmið breytinganna er að uppfylla betur þau markmið sem koma fram í stefnumörkun sambandsins um starfsemi sambandsins. Þar var lögð aukin áhersla á almenna fræðslu um sveitarstjórnarmál og miðlun þekkingar og upplýsinga til sveitarstjórnarfólks og starfsfólks sveitarfélaga með fjölbreyttum hætti. Auk þess var lögð áhersla á að greiningarvinna sambandsins yrði aukin og þróað mælaborð með fjölbættum upplýsingum um starfsemi sveitarfélaga. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna að innleiðingu þess með stefnumótunarvinnuna að leiðarljósi.

Anna Guðrún Björnsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr, Valgerður Rún Benediktsdóttir og Valur Rafn Halldórsson viku af fundi undir þessum lið.

**6. Drög að dagatali stjórnar 2024 - 2309033SA**

Lögð fram drög að dagatali stjórnar sambandsins 2024 með áætlun um dagsetningar stjórnarfunda.

Stjórn samþykkir að landsþing sambandsins verði haldið 14. mars nk. og fjármálaráðstefna sveitarfélaga 10.-11. október 2024. Framkvæmdastjóra falið að laga dagatalið til m.v. umræður á fundinum og leggja það fram til staðfestingar á 935. fundi stjórnar. Í ljósi skipulagsbreytinga og aukinnar áherslu á ábyrgð stjórnar á stefnumörkun sambandsins mun fundum stjórnar fjölga.

**7. Samráðsfundur stjórnar sambandsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga - 2211034SA**

Lagt fram minnisblað frá fundi stjórnar sambandsins og formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga, dags. 28. september 2023.

**8. Kjarasamningar - 2301032SA**

Lögð fram samkomulög milli samninganefndar Sambands Íslenskra sveitarfélaga, og

Félag skipstjórnarmanna, dags. 12. september 2023, Starfsgreinasambands Íslands, dags. 13. september 2023, og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna vegna stjórnenda slökkviliða, dags. 21. september 2023, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrirbyggjandi kjarasamninga við Félag skipstjórnarmanna, Starfsgreinasamband Íslands og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna vegna stjórnenda slökkviliða.

9. **Staða kjaramála - 2301032SA**  
Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra sambandsins, dags. 29. september 2023, um stöðu kjaramála í september 2023.
10. **Kynnisferð stjórnar sambandsins til Brussel - 2303018SA**  
Lagt fram minnisblað forstöðumanns Evrópuskrifstofu sambandsins í Brussel, dags. 19. september 2023, um ferð stjórnar sambandsins til Brussel 13.-15. september 2023.
11. **Minnisblað um framgang heimsmarkmiðanna á Íslandi - 2212024SA**  
Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 28. ágúst 2023, um framgang heimsmarkmiðanna á Íslandi, ásamt fylgiskjölum.  
*Í stefnumörkun landsþings sambandsins fyrir yfirstandandi kjörtímabil er rík áhersla á heimsmarkmiðin enda áhugi mikill meðal íslenskra sveitarfélaga á innleiðingu heimsmarkmiða en ljóst er að þörf er á er á frekari stuðningi til að innleiðingin verði farsæl. Stjórn felur framkvæmdastjóra að skoða framhald vinnu til stuðnings innleiðingu markmiðanna á sveitarstjórnarstigi í samræmi við væntanlega hvítbók forsætisráðuneytis um sjálfbært Ísland.*
12. **Kostnaður og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs - 2308026SA**  
Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 22 september 2023, um greiningu á kostnaði vegna úrgangsmála.  
*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga felur framkvæmdastjóra að undirbúa stofnun starfshóps til að greina kostnað og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs. Á næsta fundi stjórnar skal leggja fram erindisbréf og kostnaðaráætlun.*
13. **Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024 - 2309030SA**  
Rætt um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024.  
*Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga frá umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024 í samræmi við umræður á fundinum.*
14. **Aðgreining úrgangsflokka við söfnun - 2304032SA**  
Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 27. september 2023, um aðgreiningu úrgangsflokka við söfnun.
15. **Breyting á skipan fulltrúa á Sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins - 2210016SA**  
Breyting á skipan fulltrúa á Sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins til 2026.  
*Stjórnin samþykkir að tilnefna Heiðu Björgu Hilmisdóttur, formann sambandsins sem aðalfulltrúa í stað Jóns Björns Hákonarson, sem hefur óskað eftir að verða leystur undan því að vera aðalfulltrúi, og Jón Björn varafulltrúa í stað Heiðu.*

16. **Málefni hælisleitenda - 2308008SA**  
Rætt um ákvörðun félagsmálaráðherra um aðstoð við fólk sem fengið hefur endanlega synjun um vernd.  
*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga lýsir yfir gríðarlegum vonbrigðum með einhliða aðgerð félags- og vinnumarkaðsráðherra enda er hún tekin með fullri vitneskju ráðherra um algjöra andstöðu sveitarfélaganna við þessa ráðstöfun.*
17. **Tilnefning í starfshóp um hönnun og innleiðingu spálíkans um mannaflapörf á vinnumarkaði - 2307002SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 7. september 2023, þar sem Helgi Aðalsteinsson, hagfræðingur á kjarasviði sambandsins, er tilnefndur í starfshóp um hönnun og innleiðingu spálíkans um mannaflapörf á vinnumarkaði.
18. **Tilnefning í starfshóp um heildarskoðun laga nr. 88/2003, um Ábyrgðarsjóð launa - 2306021SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 7. september 2023, þar sem Raket Guðmundsdóttir, skrifstofustjóri kjaramála á Mannauðs- og starfsumhverfissviði Reykjavíkurborgar, er tilnefnd í starfshóp um heildarskoðun laga nr. 88/2003, um Ábyrgðarsjóð launa.
19. **Tilnefning í Geðráð - 2307003SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 20. september 2023, þar sem Friðrik Már Sigurðsson, sveitarstjórnarfulltrúi í Húnaþingi vestra og Berglind Harpa Svavarsdóttir, formaður Byggðarráðs í Múlaþingi, eru tilnefnd í Geðráð. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.
20. **Tilnefning í starfshóp um almenna líknarmeðferð á hjúkrunarheimilum - 2309020SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 20. september 2023, þar sem Anna Sigrún Baldursdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu öldrunarmála hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar, er tilnefnd í starfshóp um almenna líknarmeðferð á hjúkrunarheimilum.
21. **Umsögn um breytingu á lögræðislögum - 2309004SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 11. september 2023, um breytingu á lögræðislögum, mál nr. S-161/2023.
22. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002 -hringrásarhagkerfi, umbúðir, ökutæki o.fl. - 2309015SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 18. september 2023, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002 (hringrásarhagkerfi, umbúðir, ökutæki o.fl.), mál nr. S-163/2023.

**23. Skýrsla um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum - 2309040SA**

Lögð fram til kynningar skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum, dags. í ágúst 2023.

Í lok fundar þökkðu stjórnarmenn Sigurði Á. Snævarri fráfarandi sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins kærlega fyrir samstarfið og vel unnin störf í þágu sveitarfélaga og óskuðu honum alls hins besta í framtíðinni.

Fundi var slitið kl. 15:45



# Fundargerð 935. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, mánudaginn 16. október kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Nanný Arna Guðmundsdóttir boðaði forföll en ekki náðist að boða varafulltrúa í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Skýrsla um málefni fatlaðs fólks - 2310024SA**

Haraldur L. Haraldsson og Arnar Haraldsson hjá HLH ráðgjöf komu inn á fundinn og kynntu drög að skýrslu um málefni fatlaðs fólks.

Fundi var slitið kl. 09:00

# Fundargerð 936. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 27. október kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerðir 933. og 934. fundar - 2301014SA**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 933. og 934. fundar stjórnar sambandsins frá 18. og 29. september 2023, sem undirritaðar hafa verið með rafrænum hætti.

**2. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA**

Lögð fram fundargerð 90. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 3. október 2023.

**3. Málefni hælisleitenda - 2308008SA**

Lagt fram minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 13. október 2023, um 15. gr. félagsþjónustulaga.

Helgi Aðalsteinsson, hagfræðingur á kjarasviði sambandsins, kom inn á fundinn kl. 12:30.

**4. Kjarasamningur - 2301032SA**

Lagt fram samkomulag milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Sjúkraliðafélags Íslands, dags. 10. október 2023, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrirliggjandi kjarasamning við Sjúkraliðafélag Íslands.*

**5. Staða kjaramála - 2301032SA**

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 23. október 2023, um stöðu kjaramála í október 2023 og þróun seinustu mánaða.

**6. Gildistaka endurmats starfa í starfsmati - 2301032SA**

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 25. október 2023, um gildistöku endurmats starfa í starfsmati.

*Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga styður afstöðu kjaramálanefndar og samninganefndar sveitarfélaga um að launabreytingar vegna reglulegrar 5 ára endurskoðunar starfsmatsstarfa taki gildi frá 1. janúar 2024.*

Helgi Aðalsteinsson vék af fundi kl. 13:40.

**7. Beiðni um aukna upplýsingagjöf á heimasíðu sambandsins - 2310022SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, dags. 26. október 2023, um beiðni um aukna upplýsingagjöf á vefsíðu sambandsins.

*Stjórn tekur jákvætt í tillöguna og felur sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs að útfæra tillöguna og koma í framkvæmd í samvinnu við starfsfólk sambandsins.*

**8. Starfskjarastefna sambandsins - 2303020SA**

Rætt um starfskjarastefnu og hvort sambandið ætti að setja sér slíka stefnu.

*Stjórn samþykkir að skipa starfskjaranefnd. Í starfskjaranefnd sitja Hildur Björnsdóttur, Margrét Sanders og Jón Björn Hákonarson.*

Óttar Freyr Gíslason, forstöðumaður Evrópuskrifstofu sambandsins, kom inn á fundinn kl. 14:15.

**9. Endurskoðun á fráveitutilskipun ESB - 2212022SA**

Lagt fram minnisblað forstöðumanns Evrópuskrifstofu sambandsins, dags. 23. október 2023, um endurskoðun á fráveitutilskipun ESB.

*Stjórn þakkar fyrir minnisblaðið og felur framkvæmdastjóra að koma upplýsingum þess á framfæri við sveitarfélögin. Stjórn leggur jafnframt áherslu á að nú sé lokatækifæri á að koma að tillögum að aðlögunum en það verður að gerast í gegnum og með samþykki og stuðningi frá stjórnarráðinu og með samþykki og stuðningi frá hinum EES EFTA ríkjunum. Formanni og framkvæmdastjóra falið að fylgja þessu eftir við umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.*

Óttar Freyr Gíslason vék af fundi kl. 14:35.

**10. Starf sviðsstjóra þróunarsviðs - 2310009SA**

Starf sviðsstjóra þróunarsviðs var auglýst laust til umsóknar þann 3. október sl. en umsóknarfrestur rann út 24. október. Alls sóttu 49 um starfið en samið hefur verið við Attentus um að halda utan um ráðningarferlið í samvinnu við framkvæmdastjóra.

*Framkvæmdastjóra falið að halda áfram vinnu við ráðningarferlið í samvinnu við Attentus og stefna að því að leggja ferlið í nóvember. Að því loknu verða tillögur að ráðningu að höfðu samráði við stjórnarformann lagðar fyrir stjórn.*

**11. Starf sviðsstjóra stjórnarsýslusviðs - 2310008SA**

Starf sviðsstjóra stjórnarsýslusviðs var auglýst laust til umsóknar þann 3. október sl. en umsóknarfrestur rann út 24. október. Alls sóttu 40 um starfið

en samið hefur verið við Attentus um að halda utan um ráðningarferlið í samvinnu við framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóra falið að halda áfram vinnu við ráðningarferlið í samvinnu við Attentus og stefna að því að leggja ferlið í nóvember. Að því loknu verða tillögur að ráðningu að höfðu samráði við stjórnarformann lagðar fyrir stjórn.

**12. Fjórdá samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar - 2310044SA**

Lögð fram til kynningar skýrslan Umfang og afleiðingar hnattrænna loftslagsbreytinga á Íslandi: Fjórdá samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar, dags. í október 2023.

Skýrsluna má nálgast hér: [https://cdn.loftslagsbreytingar.is/pdf/2023/10/skyrsla\\_visindanefndar.pdf](https://cdn.loftslagsbreytingar.is/pdf/2023/10/skyrsla_visindanefndar.pdf)

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga telur mikilvægt að komið verði á fót þéttu samstarfi ríkis og sveitarfélaga í loftlagsmálum og felur formanni og framkvæmdastjóra að taka málið upp við umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Fjóla María Ágústsdóttir, leiðtogi stafræns þróunarteymis og breytingastjóri, kom inn á fundinn kl. 14:50. Inga Rún Ólafsdóttir vék af fundi kl. 14:50.

**13. Kynning á stefnumótun sambandsins í stafrænum málum - 2306011SA**

Leiðtogi stafræns umbreytingateymis og breytingastjóri kynnti vinnu sem hefur átt sér stað í haust vegna stefnumótunar sambandsins í stafrænum málum.

Stjórn þakkar fyrir góða yfirferð á vinnu við stefnumótun sambandsins í stafrænum málum. Stafræn þróun er gríðarlega mikilvæg og mikilvægt að hið opinbera verði samtaka. Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að eiga að taka málið upp við fjármálaráðherra, innviðaráðherra og Reykjavíkurborg með tækifæri til samvinnu, samstarfs eða sameiginlegrar stefnumótunar fyrir Ísland.

Einar Þorsteinsson vék af fundi kl. 15:15. Fjóla María Ágústsdóttir vék af fundi kl. 15:30.

**14. Tilnefning í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða - 2310011SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til menningar- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 5. október 2023, þar sem Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra, er tilnefnd í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

**15. Tilnefning í starfshóp um endurskoðun á aðalnámskrá tónlistarskóla - 2309021SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 23. október 2023, þar sem Aino Freyja Jarvela, verkefnisstjóri tónlistar og listkennslu á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, er tilnefnd í starfshóp um endurskoðun á aðalnámskrá tónlistarskóla.

**16. Tilnefning í Kjaratölfræðinefnd - 2310014SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 23. október 2023, þar sem Helgi

Aðalsteinsson, hagfræðingur á kjarasviði sambandsins, er tilnefndur í Kjaratölfræðinefnd.

**17. Breyting í stjórn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar - 2309017SA**

Jón Björn Hákonarson, fv. bæjarstjóri Fjarðabyggðar og aðalmaður í stjórn sambandsins, hefur tekið sæti í stjórn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar í stað Karls Björnssonar fv. framkvæmdastjóra sambandsins, sem beðist hefur lausnar frá setu í stjórninni.

**18. Umsögn um áform um breytingu á lögum um framhaldsskóla - vinnustaðanám, innritun o.fl. - 2309032SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 27. september 2023, um áform um breytingu á lögum um framhaldsskóla (vinnustaðanám, innritun o.fl.), mál nr. S-157/2023.

**19. Umsögn um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands - sameining stofnana - 2309042SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 2. október 2023, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur (sameining Náttúrufræðistofnunar Ísl., Landmælinga Ísl. og Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn), mál nr. 166/2023.

**20. Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld - 2310005SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 4. október 2023, um áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld, mál nr. S-172/2023.

**21. Umsögn um frumvörp til laga um Loftslagsstofnun og Náttúruverndar- og Minjastofnun - 2309045SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 4. október 2023, um frumvörp til laga um Loftslagsstofnun og Náttúruverndar- og Minjastofnun, mál nr. S-168/2023.

**22. Umsögn um frumvarp til fjárlaga 2024 - 2309030SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 6. október 2023, um frumvarp til fjárlaga, 1. mál.

*Einar Brandsson gerði athugasemd við þann hluta umsagnarinnar sem snýr að fiskeldissjóði og fiskeldisgjaldi. Eftir umræðu um málið var starfsfólki sambandsins falið að fylgja málinu sérstaklega eftir m.v. umræður á fundinum.*

**23. Umsögn um frumvarp til laga um póstpjónusta - úrbætur á póstmargaði - 2310001SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 9. október 2023, um frumvarp til laga um póstpjónusta (úrbætur á póstmargaði), 181. mál.

24. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 - hagkvæmar íbúðir - 2310012SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 10. október 2023, um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (hagkvæmar íbúðir), 183. mál.
25. **Umsögn um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða, með síðari breytingum - 2308003SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 13. október 2023, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða, nr. 88/2018, með síðari breytingum (skipan svæðisráða o.fl.), mál nr. S-181/2023.
26. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 - 2310020SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 17. október 2023, um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028, 182. mál.
27. **Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma o.fl. - 2310030SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til matvælaráðuneytisins, dags. 20. október 2023, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 22/1994 og lögum nr. 66/1998, mál nr. S-193/2023.
28. **Umsögn um endurskipulagningu stofnana umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins - 2310015SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 20. október 2023, um endurskipulagningu stofnana umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins - samráð við hagsmunaaðila, mál nr. S-170/2023.

Fundi var slitið kl. 15:30

## Formlegt erindi frá Svæðisgarðinum

Ragnhildur Sigurðardóttir <ragnhildur@snæfellsnes.is>

Mon 10/16/2023 7:58 AM

To: Jakob Björgvin Jakobsson <jakob@stykkisholmur.is>; Björg Ágústsdóttir <bjorg@grundarfjordur.is>; Kristinn Jónasson <kristinn@snb.is>; Oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps <oddviti@eyjaogmikla.is>; Björn Haraldur Hilmarsson <bjornh@snb.is>; Þorkell Símonarson <keli@keli.is>; Helga Hafsteinsdóttir <helga@kjolur.is>; Laufey og Þróstur <kolskor@simnet.is>; Furubrekka <furubrekka@simnet.is>; Hallur Pálsson <hallurpálsson@simnet.is>; pegron@simnet.is <pegron@simnet.is>; Hrafnhildur Hallvarðsdóttir <hrafnhildur@stykkisholmur.is>; Jósef Ó. Kjartansson <josef@grundarfjordur.is>; Hefa <hefa@eyjaogmikla.is>

📎 2 attachments (396 KB)

Loka-Stofnsáttmáli Svæðisgarðs 4. apríl 2014 (1).pdf; Samþykktir Svæðisgarður SES 2017 (1) (1).pdf;

Heil og sæl fulltrúar eigenda Svæðisgarðsins Snæfellsnes

Í fyrsta lagi langar mig að biðja ykkur að staðfesta móttöku á póstinum og að þið munið taka erindið fyrir (gott að vita hvenær).

Erindið: Staðfestur vilji til að taka þátt í áframhaldandi starfi Svæðisgarðsins.

Ítarefni:

Á stjórnarfundum Svæðisgarðsins 9.10 2023 var ákveðið að halda ársfund fulltrúaráðs 14. nóvember 2023.

Á fundinum mun fulltrúaráð staðfesta vilja eigenda til endurnýjunar á samkomulagi um Svæðisgarðs samstarfið - 10 ára samningur, (sá gamli rennur út í apríl 2024). Á ársfundum verður samþykkt verk- og fjárhagsáætlun fyrir 2024. Verið er að undirbúa þetta. Stjórn er að endurskoða samþykktirnar **Gott væri því að fá fram sem fyrst, vilja eigenda.** Ef einhver vill hætta þá er mikilvægt að vita það sem fyrst. Eins er mikilvægt að vita ef þið viljið einhverju breyta í samþykktum.

Fyrir liggur tillaga frá stjórn um að breyta samþykktunum þannig að hvert sveitarfélag á Snæfellsnesi eigi einn mann í stjórn, og einn í varastjórn. Í öllu falli skal hvert sveitarfélag, tilnefna tvo menn í fulltrúaráð og tvo til vara. Aðrir aðilar með gildan samstarfssamning tilnefna einn, og einn til vara. Samstaða hefur verið um mikilvægi þess að stjórn ræði sig fram til samstöðu í öllum málum, ef það næst ekki er ákvæði sem segir að kalla skuli saman fulltrúaráð til að ná niðurstöðu. Eins er stjórn sammála um að gott sé að hafa uppsagnarákvæði eftir 5 ár en að gera 10 ára samning um samstarfið.

Hér í viðhengi er stofnsáttmálinn og samþykktir sjálfseignarstofnunarinnar.

--



Með góðri kveðju af Snæfellsnesi

Ragnhildur Sigurðardóttir

Framkvæmdastjóri Svæðisgarðsins Snæfellsnes

Sími 8486272

[www.snaefellsnes.is](http://www.snaefellsnes.is), [Facebook](#)





## Til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

### Þjónusta fatlaðra: bifreið með hjólastólaaðgengi

Einstaklingur sem nú er búsettur á Dvalarheimilinu Jaðri er sökum slyss algjörlega bundinn sérútbúnum hjólastól og lifir því við þær aðstæður að komast ekki út og ferðast á milli staða. Vegna þessa býr hann því við mikla skerðingu á lífsgæðum og mannréttindum. Tekið skal fram að þessi einstaklingur er aðeins 75 ára og almennt heilsuhraustur.

Samkvæmt **1.gr. í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir** skal miða að því að fatlað fólk fái nauðsynlegan stuðning til þess að það geti notið fullra mannréttinda til jafns við aðra og skapa því skilyrði til sjálfstæðs lífs á eigin forsendum. Og við framkvæmd þjónustu við fatlað fólk skal virðing borin fyrir mannlegri reisn þess, sjálfræði og sjálfstæði. Samkvæmt **8.gr. í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir** kemur fram að fötluðu fólki skal standa til boða stoðþjónusta sem er nauðsynleg þátttöku þess í samfélaginu án aðgreiningar þannig að það standi til jafns við aðra og komið verði í veg fyrir félagslega einangrun þess.

Við förum þess á leit við bæjaryfirvöld, að farið verði í það að leysa vanda þess sem getur ekki notað hefðbundna bifreið til þess að komast á milli staða.

Virðingarfyllst,  
aðstandendur hins fatlaða,

Eygló Kristjánsdóttir  
Ingibjörg Kristín Kristjánsdóttir  
Aron Jóhannes Leví Kristjánsson  
Alexandra Kristjánsdóttir



Stjórnarráð Íslands  
Umhverfis-, orku- og  
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is  
545 8600

Skuggasundi 1,  
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Reykjavík 26. september 2023


Tilv.: UMH23090094/12.6

Efni: Bréf til sveitarfélaga um innviði fyrir orkuskipti

Til að ná markmiðum Íslands í orku- og loftslagsmálum þarf orkuskipti í samgöngum á landi. Í umhverfis- og orku og loftslagsráðuneytinu er unnið að endurskoðun fyrirbyggjandi aðgerðaáætlunar um orkuskipti frá árinu 2017. Bent hefur verið á að til að ná fyrrgreindum markmiðum þurfi að byggja hratt upp hleðsluinnviði og dreifi- og flutningskerfi raforku. Þannig hefur Samorka áætlað að tvöfalda þurfi afhendingargetu dreifikerfa dreifiveitna vegna orkuskipta og telur að gera megi ráð fyrir því að verulegur hluti þeirrar viðbótargetu þurfi að koma til fyrir 2030 og að mestu leyti innan 10 – 15 ára. Innviðafjárfestingar í raforkukerfi hafi þá mjög langan líftíma og að horfa þurfi til fullra orkuskipta við uppbyggingu slíkra innviða.

Mikilvægi orkuskipta birtast m.a. drögum að nýrri landsskipulagsstefnu innviðaráðherra (hvitbók), en þar eru loftslagsbreytingar og orkumál meðal viðfangsefna. Ljóst er að staðarval fyrir lóðir undir hraðhleðslustöðvar fyrir smáa og stóra bíla er mikilvægt skipulagsmál, enda varðar miklu að hugað sé að áhrifum á umferð, þörf fyrir aðra þjónustu og að litið sé til framtíðar í jarðefnaeldsneytislausu landi. Í því sambandi þarf að huga að aðgengi áhugasamra aðila að lóðum undir hraðhleðslustöðvar og hleðslugarða og svigrúmi raforkufyrirtækja til að byggja upp innviði sem þjóna þurfa hleðsluþörfinni,

Orkustofnun hefur bent á að við staðarval vegna hraðhleðslustöðva þurfi að hafa í huga nálægðina við mikilvæga innviði raforkukerfisins, eins og tengipunkta flutningskerfisins (tengivirki). Í ljósi þess að sveitarfélögin í landinu fara með skipulagsgerð innan sinna sveitarfélagamarka telur ráðuneytið rétt að benda þeim á þennan mikilvæga þátt, þrátt fyrir að margir aðrir þættir geti einnig haft áhrif á heppilegt staðarval. Að mati ráðuneytisins er mikilvægt að tryggja gott upplýsingastreymi milli aðila svo flýta megi uppbyggingu eins og kostur er. Til upplýsinga sýnir eftirfarandi staðsetningu tengivirkja Landsnets:



Mynd 1 Tengivirki Landsnets

Orkustofnun hefur enn fremur bent á að æskilegt sé að sveitarfélög útbúi orkuskiptaáætlun á sínu svæði í góðu samráði við helstu hagaðila, þ.m.t. dreifiveitur. Markmið orkuskiptaáætlunar er vera leiðarljós við skipulagsvinnu þannig að unnt sé að skapa svigrúm til nauðsynlegrar uppbyggingar innviða í skipulagi og hafa til reiðu mögulegar lóðir sem henta. Hafa verður í huga að orkuskipti á landi ná til einkabíla, bílaleigubíla, hópferðabíla og vöruflutningabíla. Enn fremur að hröð uppbygging innviða er þegar hafin og má búast við að mesti þungi uppbyggingarinnar verði á tímabilinu 2025 – 2032.

Ráðuneytið vill að lokum hvetja sveitarfélög að leita til sviðs loftslagsbreytinga, orkuskipta og nýsköpunar eða Orkuseturs hjá Orkustofnun með leiðbeiningar og ábendingar um uppbyggingu innviða vegna orkuskipta.

Fyrir hönd ráðherra

Stefán Guðmundsson

Ljósrit: Innviðaráðuneyti, Landsnet, Orkustofnun



27. september 2023  
FRN23090023

Til þeirra sem málið varðar.

**Efni: Aðstoð við útlendinga sem fengið hafa endanlega synjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd hér á landi og eiga ekki rétt á þjónustu á grundvelli 33. gr. laga um útlendinga.**

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið upplýsir hér með að gerðar hafa verið breytingar á reglum nr. 520/2021, um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, í sérstökum tilvikum, við erlenda ríkisborgara og endurgreiðslur fjárhagsaðstoðar úr ríkissjóði. Breytingarnar hafa verið gerðar með það að markmiði að skýra hvað komi til endurgreiðslu úr ríkissjóði á grundvelli 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, í tengslum við kostnað sveitarfélaga vegna aðstoðar við útlendinga sem fengið hafa endanlega synjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd hér á landi og eiga ekki rétt á þjónustu á grundvelli 33. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016.

Eftir breytingarnar kemur fram í reglunum að með aðstoð við umræddra einstaklinga sé átt við gistingu og fæði í samræmi við það sem almennt tíðkast í úrræðum fyrir heimilislausa hér á landi, svo sem hvað varðar hámarksdvalartíma hvers einstaklings á sólarhring í viðkomandi gistiúrræði sem og fjölda máltíða á sólarhring. Að mati ráðuneytisins er sveitarfélagi þó ávallt fjálst að veita aðstoð sem er umfram það sem endurgreitt er fyrir úr ríkissjóði, sbr. framangreint. Umræddar breytingar á fyrrnefndum reglum má finna á eftirfarandi vefslóð:  
<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=7ce30384-80df-4ded-ac56-3db49642bd3a>

Jafnframt upplýsir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið að ráðuneytið hefur samið við Rauða krossinn á Íslandi um tiltekið tímabundið verkefni sem felur í sér neyðaraðstoð við útlendinga sem fengið hafa endanlega synjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd hér á landi sem og niðurfellingu réttinda skv. 33. gr. laga um útlendinga, og eiga ekki í önnur hús að venda.


Á grundvelli fyrrnefndra reglna nr. 520/2021 sem og á grundvelli sammingsins við Rauða krossinn er þannig tryggt að umræddir einstaklingar geti fengið gistingu og fæði í samræmi við það sem almennt tíðkast í úrræðum fyrir heimilislausa hér á landi, svo sem hvað varðar hámarksdvalartíma hvers einstaklings á sólarhring í viðkomandi gistiúrræði sem og fjölda máltíða á sólarhring.

*Fyrirhugað ferli.*

Þegar útlendingar hafa fengið endanlega synjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd hér á landi sem og niðurfellingu réttinda skv. 33. gr. laga um útlendinga, og eiga ekki í önnur hús að venda, eiga þeir að mati ráðuneytisins rétt á að leita eftir aðstoð hjá dvalarsveitarfélagi á grundvelli 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagþjónusta viðkomandi sveitarfélags, þar sem umræddir einstaklingar óska eftir aðstoð, metur aðstæður viðkomandi, á grundvelli ákvæðisins. Ef niðurstaðan er sú að 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga eigi við getur félagsþjónustan beint viðkomandi einstaklingi til Rauða krossins á Íslandi, sbr. framangreinda umfjöllun um samning félags- og vinnumarkaðsráðuneytis við félagið, auk þess sem gert er ráð fyrir að hlutaðeigandi sveitarfélag leggi út fyrir kostnaði við gistingu og fæði fyrir viðkomandi hjá Rauða krossinum sem síðan fáist endurgreiddur á grundvelli 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Áréttað er að sveitarfélögin taka sjálf ákvörðun á framangreindum lagagrundvelli og hafa sjálfræði um umfang aðstoðar sem þau kjósa að veita viðkomandi einstaklingi, óháð því hvaða kostnað ríkið endurgreiðir.

Í ljósi framangreinds beinir félags- og vinnumarkaðsráðherra þeim tilmælum til félagsþjónustu sveitarfélaga að þau meti hvort 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga eigi við í þeim tilvikum þegar til þeirra leita útlendingar sem fengið hafa endanlega synjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd hér á landi og eiga ekki rétt á þjónustu á grundvelli 33. gr. laga um útlendinga. Ráðuneytið væntir góðrar samvinnu við sveitarfélögin við að tryggja umræddum einstaklingum gistingu og fæði í samræmi við framangreint og ítrekar að í framangreindum tilvikum sé gert ráð fyrir að sveitarfélögin geti nýtt sér að ráðuneytið hefur samið tímabundið við Rauða krossinn á Íslandi um að hýsa umrædda einstaklinga.

Félags- og vinnumarkaðsráðherra.





Sæl/sæll

Reikna má með að Römpum upp Ísland ljúki gerð 1000 rampa í desember n.k. Þá er náð upphaflegu markmiði, ári á undan áætlun.

Sú ákvörðun var hins vegar tekin síðastliðið haust að færa markmiðið úr gerð 1000 rampa í 1500 fyrir 10. mars 2025.

Hingað til höfum við einbeitt okkur að aðgengi að húsnæði í eigu einkaaðila. Á stjórnarfundum RUÍ 19. september sl. var tekin ákvörðun um að bjóða hinu opinbera, ríki og sveitarfélögum samstarf um gerð rampa við húsnæði í þeirra eigu.

Sé vilji til staðar væri um nána samvinnu við starfsfólk RUÍ að ræða.

Almennt er rampagerðin hugsuð svona:

Römpum upp Ísland gerir aðgengi að byggingum, viðkomandi að kostnaðarlausu hvað varðar vinnu við rampa, hellur, tæki og tól.

Við byrjum á römpum:

- þar sem hæð að hurðargati er 3 - 15 cm
  - þar sem hurðarop er 83 cm eða meira
  - þar sem stétt er hellulögð og nægjanlega breið til að rúma ramp og gönguleið
- Miðað við ofantalin hæðarmörk má hallinn ekki vera meira en 1:12 sem segir að t.d. 10 cm hæð við hurðargat á láréttum fleti kallar á ramp, 1,20 cm á lengd
- Við getum unnið þar sem er steypt eða malbikuð stétt en þá þyrftu viðkomandi að saga og fjarlægja efnið

3 - 15 cm hækkun er almennt í formi bungu sem er aflíðandi frá hurð í halla 1:12

RUÍ mun teikna allar aðgengisbreytingar og leggja þær fyrir viðkomandi

Reiknað er með að opinberir aðilar sinni ákveðinni undirbúningsvinnu

- Móttaki teikningar sem verða samþykktar eða gerðar breytingartillögur á
- Fáí jákvætt svar frá rekstaraðilum (ekki er reiknað með rekstrarstöðvun á meðan á framkvæmd stendur)
- Útvegi bílastæði fyrir pallbíl og kerru við verkstaði
- Útvegi sand til rampagerðar
- Sjái um losun úrgangs
- Komi á sambandi við þá sem sjá um hitalagnir í stétt, þar sem þær eru til staðar (ef eitthvað kemur upp á)
- Standi straum af leyfiskostnaði, ef einhver er

RUÍ kemur hellum á staðinn sem og mannskap, tækjum og tólum til að vinna verkið en óskar eftir því að sveitarfélagið útvegi húsnæði og fæði á meðan á verkinu stendur.

Reikna má með að miðað við hindrunarlausa vinnu sé framkvæmd við ramp sem leysir aðgengi að hurðargati í 10 cm hæð, u.þ.b. eitt og hálf dagsverk.

Í undantekningartilfellum, þar sem talin er brýn þörf á hærri ramp, er verktími lengri.

Þar sem líður að lokum verkefnisins og meta þarf umfangið miðað við sett markmið eru þeir aðilar sem óska eftir samstarfi beðnir um að skanna þá staði sem til greina koma og senda á [rampur@rampur.is](mailto:rampur@rampur.is), mynd af inngangi, hæð frá stétt og að efstu brún þröskuldar, breidd á hurðargati og breidd á stétt, sé hún til staðar. Einnig þarf að koma fram ef halli er á stétt.

Gott væri að fá umsóknir sem fyrst og ekki síðar en 10. desember, nk.

Kv, Þorleifur Gunnlaugsson, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri RUÍ  
S 820 4020

## Kristinn Jónasson

---

**From:** Jóhanna Sigurjónsdóttir <johanna.sigurjonsdottir@irn.is>  
**Sent:** föstudagur, 29. september 2023 15:01  
**Subject:** Til allra sveitarfélaga: Þjónustustefna í byggðum og byggðarlögum sveitarfélaga

Tilvísun í mál: IRN22080024

Góðan dag

Með lögum nr. 96/2021 sem tóku gildi í júní 2021 samþykkti Alþingi nýtt ákvæði við sveitarstjórnarlög sem fjallar um þjónustustefnu í byggðum og byggðarlögum sveitarfélags. Samkvæmt 130. gr. a sveitarstjórnarlaga, skal sveitarstjórn móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú árin eftir það, um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðakjörnum viðkomandi sveitarfélags. Mótun stefnunnar skal unnin samhliða fjárhagsáætlun og skal málsmeðferðin vera sú sama, þ.e. byggðarráð eða framkvæmdastjóri, eftir því sem kveðið er á um í samþykkt um stjórn sveitarfélags, leggur tillögu um þjónustustefnu í byggðum eða byggðarlögum sveitarfélags fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert.

Við gerð og mótun stefnunnar ber sveitarfélögum að hafa samráð við íbúa sveitarfélags og sveitarstjórn skal fjalla um þjónustustefnuna á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða þjónustustefnuna, þó ekki síðar en 15. desember. Rétt er að vekja athygli á því að sveitarfélögum ber ekki lögboðin skylda til að senda samþykktu þjónustustefnu til ráðuneytisins eins og á við um fjárhagsáætlanir þess, sbr. 71. gr. sveitarstjórnarlaga. Hins vegar ber sveitarfélagi að upplýsa íbúa um stefnuna með opinberum hætti, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.

Markmið ákvæðisins er rakið í greinargerð frumvarpsins sem varða að lögum nr. 96/2021. Þar kemur fram að með fækkun sveitarfélaga kunni að myndast viðáttumikil sveitarfélög, mögulega með fáum og stórum byggðakjörnum, en viðkvæmari byggð á öðrum svæðum innan sveitarfélaganna. Því er mikilvægara en áður að stefna sveitarstjórnar varðandi þjónustustig á slíkum svæðum verði skýr og komi til sérstakrar umræðu. Í greinargerðinni kemur jafnframt fram að það sé á ábyrgð sveitarstjórnar að móta heildarstefnu fyrir hverja byggð eða byggðarlagi fyrir sig og gera grein fyrir ætluðu þjónustustigi vegna einstakra verkefna sem sveitarfélagið hyggst veita á viðkomandi svæðum, t.d. skólahalds, ferða skólabíla, opnunartíma sundlauga, reksturs félagsheimila o.s.frv. Með ákvæðinu sé lagt í hendur sveitarfélaga að ákvarða hvort og hvernig svæði verði skipt frekar upp með tilliti til þjónustustigs, svo sem með því að flokka svæði eftir ákveðinni fjarlægð frá byggðakjarna eða miða við eldri skipan sveitarfélaga eða hreppa.

Til að markmiðum þessa ákvæðis verði betur náð hefur Byggðastofnun, að beiðni ráðuneytisins, unnið fyrirmynd og leiðbeiningar um mótun þjónustustefnu sveitarfélags í samstarfi við sveitarfélagið Norðurþing sem eru að finna á vef ráðuneytisins.

Athygli er vakin á því að sveitarfélög geta með ýmsum hætti nálgast það hvernig þau móta sér stefnu um þjónustustig í byggðum og byggðarlögum og leiðbeiningar þessar eru eingöngu dæmi um mögulega nálgun. Ráðuneytið vill þó áréttta að sveitarfélögum ber lögbundin skylda til að hafa samráð við íbúa um mótun og gerð stefnunnar og í leiðbeiningum Byggðastofnunar er fjallað um hvernig slíku samráði getur verið hátt. Þá bendir ráðuneytið á að í X. kafla sveitarstjórnarlaga er að finna ýmis dæmi um íbúasamráð.

Í leiðbeiningum Byggðastofnunar eru sveitarfélög hvött til að gefa verkefninu tíma og einnig gæta vel að samþættingu þjónustustefnu annars vegar og fjárhagsáætlunar og þriggja ára áætlunar hins vegar.



Bestu kveðjur,  
Jóhanna



**Jóhanna Sigurjónsdóttir, sérfræðingur / Special Adviser**

Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local Government and Regional  
Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure

Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8200

<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



JAFNLAUNAVOTTUN




**GRÆN SKREF**

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before



BYGGÐASTOFNUN

Leiðbeiningar um mótun  
þjónustustefnu sveitarfélaga



**Þróunarsvið Byggðastofnunar**

Sigríður K. Þorgrímsdóttir  
Kristján Þ. Halldórsson  
Anna Lilja Pétursdóttir  
Hanna Dóra Björnsdóttir

September 2023

ISBN 978-9935-518-13-2

## EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	4
I. VERKFERILL.....	5
I. ÞJÓNUSTUSVÆÐI INNAN SVEITARFÉLAGS.....	6
II. FLOKKAR ÞJÓNUSTU .....	6
III. SAMRÁÐ .....	7
IV. VAL Á ÞJÓNUSTUÞÁTTUM TIL FREKARI SKOÐUNAR OG UMFJÖLLUNAR .....	7
Eðli þjónustu .....	8
Tíðni þjónustu .....	8
Kostnaður við þjónustu og þjónustusókn .....	8
VI. LOKAORÐ .....	9
Fylgiskjal 1 – Vinnuskjal kortlagning .....	10
Fylgiskjal 2 – Framvinda samstarfs við gerð þjónustustefnu Norðurbings .....	11

## INNGANGUR

Byggðastofnun barst bréf frá innviðaráðuneytinu þann 24. ágúst 2022 þar sem þess var farið á leit við stofnunina að hún „vinni leiðbeiningar og fyrirmynd sem ráðuneytið geti vísað til“, vegna breytinga á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

Breytingin kveður á um að sveitarstjórn skuli móta stefnu um það þjónustustig sem sveitarfélag hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum. Í **130. gr. a.**<sup>1</sup> í lögum segir að samhliða fjárhagsáætlun skuli sveitarstjórn „móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum viðkomandi sveitarfélags.“ Jafnframt segir í greininni að við gerð og mótun þjónustustefnunnar skuli sveitarstjórn „hafa samráð við íbúa sveitarfélagsins“.

Í greinargerð<sup>2</sup> með frumvarpi til lagabreytingarinnar er vísað til þess að með fækkun sveitarfélaga hafi orðið til viðáttumikil sveitarfélög með „fáum og stórum byggðakjörnum en viðkvæmari byggð á öðrum svæðum“ innan sveitarfélaga. Þessar aðstæður kalli á stefnu varðandi þjónustustig sveitarfélaga. Stefnan þurfi að vera skýr og sveitarstjórn að móta hana með „sérstöku samráði“ við íbúa, „t.d. með opnu umsagnarferli“. Það sé á ábyrgð sveitarstjórnar að móta heildarstefnu fyrir hverja byggð eða byggðarlag og gera grein fyrir ætluðu þjónustustigi á hverju svæði. Þjónustubættir eru ekki tíundaðir sérstaklega í greinargerðinni heldur er það lagt í hendur sveitarstjórnnum að setja fram áherslur þjónustu og þjónustustigs með stefnunni, sem og að ákveða svæðaskiptingu og hvernig það er gert.

Í sveitarstjórnarlögum er tilgreint að sama fyrirkomulag eigi að vera við afgreiðslu á þjónustustefnu og afgreiðslu fjárhagsáætlunar sveitarfélags. Ljóst er að þessar áætlanir haldast í hendur og verði að vinna samhliða. Ýmsar ákvarðanir varðandi þjónustu og þjónustustig er ekki hægt að taka án þess að samhliða sé tryggt nauðsynlegt fjármagn fyrir veitingu þjónustunnar. Það er verkefni allra sveitarfélaga að uppfylla skyldur um þjónustu við íbúa og finna leiðir til þess í sem bestu jafnvægi við skynsamlega nýtingu skattfjár.

Byggðastofnun setti á fót starfshóp til að vinna að þessu verkefni, en það er sami hópur og vinnur að verkefni A.15. á byggðaáætlun, er nefnist „Opinber grunnþjónusta og jöfnun aðgengis“. Stofnunin telur þessi viðfangsefni nátengd og það verkefni sem hér um ræðir gott innlegg í verkefni um opinbera grunnþjónustu. Í tengslum við þessi mál má einnig nefna að Byggðastofnun vinnur samhliða að verkefni A.16. á byggðaáætlun, „Kostnaðargreining vegna þjónustusóknar“.

Við gerð leiðbeininga um mótun þjónustustefnu var ákveðið að leita samstarfs við eitt sveitarfélag til að taka þátt í tilraunaverkefni og yrði það valið í samræmi við þann ramma sem lagabreytingin og greinargerðin setja, þ.e. að það sé landstórt sveitarfélag með einum eða fleiri stórum kjörnum og byggðarlög sem eiga langt að sækja þjónustu í næsta stóra kjarna. Norðurþing varð fyrir valinu, en þar er Húsavík stærsti kjarni og þéttbýlisstaðirnir Raufarhöfn og Kópasker eru langt frá kjarnanum sem og dreifbýlið við Öxarfjörðinn og á Melrakkasléttu.

Norðurþing tók vel í erindi Byggðastofnunar og hófst samstarfið á haustdögum 2022. Byggðastofnun setti fram ákveðið vinnulag við kortlagningu þeirrar þjónustu sem fyrir hendi er í Norðurþingi, en sveitarstjóri og starfsmenn Norðurþings unnu þá kortlagningu áfram. Kortlagningin er grunnur að þjónustustefnu sveitarfélagsins, en með henni er skoðað hvar þjónustan er staðsett og hvar skórinn krepur fyrir þá sem búa fjærst kjarna. Framvindu samstarfsins og vinnulagi við mótun stefnunnar er gerð nánari skil í viðhengi 2.

Tilgangur með leiðbeiningum um mótun þjónustustefnu sveitarfélaga er að þær séu leiðarvísir um gerð slíkrar stefnu fyrir sveitarfélög. Áætla þarf tíma til undirbúnings, ígrundunar og samráðs.


<sup>1</sup> 2011 nr. 138 28. september, 130. gr. a. *Stefna um þjónustustig í byggðum og byggðarlögum sveitarfélags*

<sup>2</sup> <https://www.althingi.is/altext/151/s/0470.html>

## I. VERKFERILL

Eftirfarandi ferill er einföld nálgun þess í hvaða skrefum er hægt að nálgast verkefnið.

# VERKFERILL VIÐ MÓTUN ÞJÓNUSTUSTEFNU



*Samkvæmt sveitarstjórnarlögum á sama fyrirkomulag að vera við afgreiðslu þjónustustefnu og afgreiðslu fjárhagsáætlunar sveitarfélags.*

## I. ÞJÓNUSTUSVÆÐI INNAN SVEITARFÉLAGS

Lagt er upp með að það verði á ábyrgð sveitarstjórnar að móta heildarstefnu fyrir hverja byggð eða byggðarlag fyrir sig og gera grein fyrir ætluðu þjónustustigi vegna einstakra verkefna sem sveitarfélagið hyggst veita á viðkomandi svæðum, t.d. skólahalds, ferða skólabíla, opnunartíma sundlauga, reksturs félagsheimila o.s.frv. Þá er almennt gert ráð fyrir að sveitarfélag móti ávallt stefnu um öll þau byggðasvæði sem eru utan stærstu byggðakjarna. Það er hins vegar lagt í hendur sveitarfélaga að ákvarða hvort og hvernig svæði verði skipt frekar upp með tilliti til þjónustustigs, svo sem með því að flokka svæði eftir ákveðinni fjarlægð frá byggðakjarna eða miða við eldri skipan sveitarfélaga eða hreppa. Fyrsta skref við mótun þjónustustefnu getur því verið að skilgreina byggðir og byggðarlög sveitarfélags, rýna skiptingu svæða, fjarlægð í byggðakjarna/þjónustu og gæta jafnræðis milli svæða eins og unnt er. Sveitarstjórn þarf að geta rökstutt með hvaða hætti þjónustusvæði eru skilgreind.

## II. FLOKKAR ÞJÓNUSTU

Verkefni sveitarfélaga eru fjölbreytt og eru þeim falin ýmis verkefni að lögum. Lögmæltum verkefnum má skipta í lögskyld og lögheimil verkefni. Þau verkefni sem sveitarfélögum er skylt að rækja eru lögskyld, dæmi um slíkt er félagsþjónusta. Lögheimil verkefni eru hins vegar verkefni sem sveitarfélag getur tekið ákvörðun um að sinna, eða ekki, en ef ákvörðun er tekin um að sinna verkefninu þá gildir tiltekinn lagarammi um það.

Á vef Stjórnarráðsins er að finna yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga, flokkað eftir málaflokkum í lögskyld og lögheimil verkefni. Yfirlitinu er ætlað að vera til leiðbeiningar fyrir sveitarfélög við stefnumótun og áætlanagerð ásamt því að auðvelda umræðu og yfirsýn yfir skyldur og hlutverk sveitarfélaga. Tekið er fram að skyldur sveitarfélaga í hverjum málaflokki ráðist af viðkomandi lögum sem í gildi eru á hverjum tíma. Í yfirlitinu á vef stjórnarráðsins er vísað í lög hvers málaflokks og gerð stuttlega grein fyrir nánari útfærslu málaflokksins.

Málaflokkar lögskyldra verkefna eru félagsmál, húsnæðismál, fræðslu- og menningarmál, öryggis- og löggæslumál, umhverfis- og skipulagsmál, dýrahald o.fl., kosningar, samgöngur, vatns- og fráveitur, íþrótt- og æskulýðsmál, heilbrigðismál, stjórnsýsla sveitarfélaga og ýmsar aðrar skyldur. Hverjum málaflokki tilheyra mismörg málefni sem sjá má í yfirliti lögmæltra verkefna sveitarfélaga. Í yfirlitinu er einnig listi yfir lögheimil verkefni.<sup>3</sup>

Það er á ábyrgð sveitarstjórnar að móta heildarstefnu fyrir hverja byggð eða byggðarlag fyrir sig og gera grein fyrir ætluðu þjónustustigi vegna einstakra verkefna sem sveitarfélagið hyggst veita á viðkomandi svæðum. Reifa þarf þjónustu eftir eðli og miða við lögformlega stöðu (lögskyld, lögheimil eða valkvæð þjónusta).

Við kortlagningu þjónustu á á skilgreindu þjónustusvæði sveitarfélags getur verið gagnlegt að yfirfara hvaða þjónusta og þjónustuframboð er þar nú þegar. Það þýðir að rýna þarf hin skilgreindu þjónustusvæði og skrá með hvaða hætti þjónusta er veitt á hverjum stað og/eða hvert íbúi á þjónustusvæði minni byggðakjarna eða í dreifbýli þarf að sækja þjónustuna. Hægt er að styðjast við vinnuskjal<sup>4</sup> sem byggist á áður nefndu yfirliti yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga.

<sup>3</sup> <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/L%3c3%b6gm%3c3%a6lt%20verkefni%20listi%20150720.pdf>

<sup>4</sup> Sjá Fylgiskjal 1 – Vinnuskjal kortlagning.

### III. SAMRÁÐ

Ýmsar leiðir hafa verið farnar til að auka íbúalýðræði í landstórum sveitarfélögum. Stofnuð hafa verið hverfisráð eins og í Ísafjarðarbæ og Norðurþingi, hverfisnefndir og síðar hverfisráð í Akureyrarbæ og nú síðast svokallaðar heimastjórnir í nýstofnuðu Múlabingi.

Í leiðbeiningum þessum er ekki tekin afstaða til með hvaða hætti samráði skuli háttað við íbúa um mótun þjónustustefnu. Sveitarfélög eru hins vegar hvött til að undirbúa samráð af kostgæfni, áætla tíma og skapa svigrúm til að efla samráðsmenningu við íbúa sína. Hafa skal í huga að sveitarstjórn skal á hverju ári móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum og hafa um það samráð við íbúa sveitarfélagsins. Það er því til mikils að vinna að hlúa að virkri samráðsmenningu og samtali milli sveitarstjórnar, starfsfólks og íbúa.

Sérstaklega er bent á handbók sem Samband íslenskra sveitarfélaga gaf út árið 2017 og var hugsuð fyrir sveitarfélög, til leiðbeiningar og kynningar á aðferðum sem stuðla að því að gera íbúasamráð að sjálfsögðum og föstum þætti í stjórnunar- og ákvörðunartökufærum sveitarfélaga. Handbókin nefnist *Íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttaka íbúa* og í henni má finna góða leiðsögn um hvernig hægt er að skapa samráðsmenningu innan sveitarfélaga. Á [vef Sambands íslenskra sveitarfélaga](#) má sjá upptökur frá kynningarfundum sem haldin var í kjölfarið á útgáfu handbókarinnar auk glærुकynninga og nánari upplýsinga.

Nokkrir punktar úr handbókinni:

- Sveitarstjórnir sem bjóða upp á samráð njóta trausts og íbúarnir eru ánægðari
- Í Árósum var framkvæmt árlegt mat á íbúasamráðinu
- Hér á landi eru kosnar sveitarstjórnir til fjögurra ára sem eiga að taka ákvarðanir, m.a. með hliðsjón af þörfum íbúa
- Íbúasamráð stuðlar að betri sátt um ákvarðanir og eykur skilning á þeim, aukinn félagsauður
- Hve langt á að ganga í slíku samráði? a) einföld upplýsingagjöf og skoðanaskipti, b) bein þátttaka í ákvörðunum
- Málamyndasamráð grefur undan trausti
- Æskilegt er að setja reglur um samráð byggt á sameiginlegum skilningi
- Hvernig á að ná til fólks? Í kafla 5 og á bls. 17-18 eru leiðbeiningar um árangursríkar aðferðir og áfram jafnvel út bls. 26
- Í 7. kafla er umfjöllun um fastan samráðsvettvang eins og t.d. hverfisnefndir
- Á bls. 34-36 er gátlisti til undirbúnings fyrir íbúasamráð

### IV. VAL Á ÞJÓNUSTUÞÁTTUM TIL FREKARI SKOÐUNAR OG UMFJÖLLUNAR

Við val á þjónustuþáttum sem teknir eru til ítarlegrar skoðunar í þjónustuáætlun er mælt með að horfa til þátta sem snúa að mikilvægi þjónustunnar, hvernig viðkomandi þjónusta er veitt og áhrifa þjónustuskipulags á daglegt líf þeirra sem nota þjónustuna og nærumhverfi þeirra. Þar með talið tíma og kostnað við þjónustusóknina (samfélagslegur kostnaður). Er í einhverjum tilvikum of langt að sækja þjónustu, aðgengi ófullnægjandi eða er þjónustu ábótavant?



## Eðli þjónustu

Mögulegt er að veita þjónustu með ýmsum hætti og tiltekna þætti þjónustu má sem dæmi veita með fjarlausnum svo sem yfir net eða síma. Verði þjónusta hins vegar aðeins veitt með staðbundnum hætti sem nærþjónusta eða ef fyrirhugaðar eru meiriháttar breytingar á þáttum sem hefð er fyrir sem nærþjónustu, gæti viðkomandi þjónustubáttur komið til sérstakrar skoðunar við gerð þjónustuáætlunar. Meðal þeirra þjónustubáttanna eru skilgreindir þættir svokallaðrar lágmarksþjónustu, það er sú nærþjónusta sem að lágmarki þarf að vera til staðar til að samfélag geti þrífist og er fyrsta stigs þjónusta í stigskiptingu þjónustu.<sup>5</sup>

## Tíðni þjónustu

Kanna skal hversu oft að meðaltali íbúi/íbúar þurfa að sækja tiltekna þjónustu, t.d. fjöldi íbúa sem nýta þjónustuna og fjöldi skipta í viku eða á mánuði sem hver einstaklingur nýtir þjónustuna. Sé þjónustan í eðli sínu nærþjónusta (þjónustuaðili og þjónustubegi hittast í eigin persónu) ber að setja þá þjónustubætti í frekari skoðun sem hafa mesta tíðni fyrir íbúana í heild og/eða einstaklingana sem nýta þjónustuna. Með öðrum orðum að forgangsraða þjónustubáttum í mótun stefnunnar þar sem skipulag þjónustunnar er líklegt til að hafa hvað mest áhrif á einstaklingana og/eða samfélagið á tilteknu þjónustusvæði. *Dæmi gætu m.a. verið sérfræðiþjónusta á skólasviði, þjónusta við aldraða, þjónusta við fatlaða, skólar, leikskólar og fleira mætti telja.*

## Kostnaður við þjónustu og þjónustusókn

Jafnframt því að skilgreina og meta kostnað sveitarfélags við að veita þjónustu í ofangreindum þjónustubáttum sem teknir eru til ítarlegrar skoðunar skal meta hversu hár kostnaður fellur á notanda þjónustu og nærumhverfi hans (samfélagslegur kostnaður svo sem röskun fyrir vinnuveitanda og fleira) við að þjónustan er veitt með tilteknum hætti. Sviðsmyndagreining gæti nýst sé um marga kosti að ræða í skipulagi þjónustu. Auk beins fjárhagslegs kostnaðar skal við skipulag þjónustunnar horft til tíma notandans sem fer í að sækja þjónustuna og áhrif þjónustusóknar á daglegt líf notandans svo sem atvinnusókn. Leitast skal við að hanna skipulag þjónustunnar með tilliti til þess að lágmarka kostnað notanda svo og samfélagslegan kostnað. Við stefnumótunina er verið að veita og meta kostnað þjónustubega annars vegar og beinan kostnað sveitarfélags hins vegar. Af því leiðir að taka þarf afstöðu í málefnum og færa rök fyrir ákvörðunum.

## V. MÓTUN STEFNU

Hægt væri að byggja áætlun komandi árs út frá þeirri þjónustu sem nú þegar er verið að veita í sveitarfélaginu. Framsetning áætlunar til þriggja ára krefst rýni, virkrar aðkomu sveitastjórnar og ákvarðana varðandi framtíð og fyrirheit þjónustu í stærri sem smærri byggðakjörnum, ásamt vilýrðum fyrir þeim nauðsynlegu skuldbindingum sem þær fela í sér. Samkvæmt forgangsroðun þjónustustefnunnar verður óhjákvæmilega lögð áhersla á lögskyld verkefni en einnig getur verið ákjósanlegt að hafa til hliðsjónar lögheimil og valkvæð verkefni, enda geta þau sum hver haft mikil áhrif á daglegt líf íbúa í viðkomandi byggðarlagi.

Í endanlegri þjónustustefnu þarf að draga skýrt fram hver áætlun næsta árs sé og í þeim tilvikum þar sem fyrirhugaðar eru breytingar á þjónustu í tilteknum þáttum næstu ár á eftir skal gera grein fyrir þeim áformum og rökstyðja þau. Þá skal og horfa til þess hvaða þjónustubættir hafa valdið ágreiningi á liðnu ári eða árum og rökstyðja þjónustustefnu í þeim þáttum. Gera þarf grein fyrir hvernig samráði

---

<sup>5</sup> Fyrsta stigs þjónusta miðast við að íbúum sé tryggt aðgengi að lágmarksþjónustu sem allir eiga rétt á og þarf að vera veitt í nærumhverfi. Stigskipting þjónustu verður nánar skýrd í væntanlegri tillögu Bygðastofnunar á skilgreiningu opinberrar grunnþjónustu og meðfylgjandi greinargerð.

við íbúa var háttað, þ.e. hvernig sveitarfélag skipulagði samráðið og auglýsti það. Enn fremur skal tilgreina helstu mál sem til umfjöllunar voru og hvernig unnið var úr niðurstöðum íbúasamráðs.

Útlit og umgjörð þjónustustefnunnar er í höndum hvers sveitarfélags og getur til dæmis verið í samræmi við aðra slíka framsetningu á stefnum sveitarfélagsins.

## VI. LOKAORÐ

Sveitarfélög geta með ýmsum hætti nálgast það verkefni að móta sér stefnu um þjónustustig í byggðum og byggðarlögum. Leiðbeiningar þessar eru dæmi um mögulega nálgun. Kortlagning þjónustunnar í Norðurþingi reyndist gagnlegur grunnur til frekari umræðu og ákvarðanatöku við framsetningu á fyrstu drögum þjónustustefnu Norðurþings. Mikilvægt er að sveitarfélög gæti vel að samþættingu þjónustustefnu annars vegar og fjárhagsáætlunar og þriggja ára áætlunar hins vegar. Einnig að ætla verkefninu tíma og hafa hugfast að íbúasamráð er ferill og ekki sjálfgefið að sama fyrirkomulag henti öllum. Góður undirbúningur er nauðsynlegur. Gangi ykkur vel.

# Fylgiskjal 1 – Vinnuskjal kortlagning

Vinnuskjal sveitarfélaga fyrir kortlagningu þjónustu miðað við þjónustusvæði:					
Byggt á yfirliti yfir lögmæt verkefni sveitarfélaga, sótt á vef Stjórnarráðsins <a href="https://www.stjornraad.is/litlar/2021/11/11/kykjalur-og-afjarfelic2566mhc25auct520bkeretu20bstr520150720.pdf">https://www.stjornraad.is/litlar/2021/11/11/kykjalur-og-afjarfelic2566mhc25auct520bkeretu20bstr520150720.pdf</a> .					
		Neti byggðarþjónustusvæði	Neti byggðarþjónustusvæði	Neti byggðarþjónustusvæði	
Lögskyld verkefni	Félagsmál	Aðstoð við erlenda rúsborgara			
		Barnaverndarmál			
		Félagþjónusta sveitarfélaga			
		Félagslag ráðgjöf			
		Fjárhagsaðstoð			
		Lögfræðisvæðingarmál og nauðungarvistarir			
		Málefni atvinnu			
		Málefni fastiðs fjáks			
		Strúðingþjónusta			
		Talikaþjónusta og málstefna			
	Uppfyllingargjöld vegna barna				
	Vinnuvernir og aðstoð við einstaklinga með fíknivæða				
	Sambærting þjónusta til þriggja barna				
	Húsnæðis mál	Eignaskiptayfirfýsingar			
		Fasteignamat, skráning og öfun grunnupplýsinga			
		Húsnæðismál			
	Fræðslu- og menningar mál	Húsnæðisráðgjafi			
		Ölustráttur			
	Oruggis- og löggæslu- mál	Sérstakar húsnæðisráðgjafi			
		Almenningssökastofn			
	Umhverfis- og skipulagsmál, dýrahald o. fl.	Bygging framhaldsskóla			
		Grunnskólar			
		Lékkjólar			
		Ráðning kennara, skólalýðra o. fl.			
		Tónlistarskólar			
		Almannavarnir (eð húta)			
		Brunavarnir og brunamat, þ.á.m. stökvið			
		Samstarfnefnd um málefni lögreglu			
		Sjóvæðing			
		Varnir gegn snjóflóðum og skriðufloðum			
	Kosningar	Dýravæðing			
Eftirlit með mannvirkjaferð og leyfisveitingar					
Fjárhiki					
Fjarlægning gróðna af eyðubrdum					
Framkvæmd umhverfemats					
Gatnagerð					
Hættu- og hættufrit					
Landsgræðsla					
Meindgraefing, dýraeftirlit					
Mengunavarnir					
Nafngjöf nýrra nátturufrýðbara					
Samgöngur	Skipulagsmál				
	Söfnun og meðferð úrgangis og skólga				
	Tilvísningsskylda um fornleifar í hættu eða spöli á frídystu svæði				
	Varnarlínur vegna búfarlskjúðna				
	Vendarsvæði í byggð				
	Löfslagsstærna sveitarfélaga				
	Tíma svekka á svið nátturuverndar				
	Framlög til stjórnmálasmannanna				
	Íbúakostningar				
	Alþingis- og forsetakosningar				
Sveitastjórnarkosningar					
Vatns- og fráveitur	Lagning og viðhald vegna og stíga				
	Umhverfisráðgjafi og sértek fráveituskýlda sveitarfélaga				
Íþrótt- og æskulýðsmál	Fráveitur				
	Vatnsveitur				
Heilbrigðismál	Fríundahelmski				
	Íþróttamál, bygging íþróttahúsa o. fl.				
Ymsar aðrar skyldur	Málefni barna og ungmenna				
	Þjónusta við unglinga				
Stjórnsýsla sveitarfélaga	Æskulýðsmál				
	Almennar sóttvæðingastofnanir				
Lögheimil verkefni	Bygging heilbrigðis- og sjúkrastofnana				
	EES-reglugerð				
	Húsnæðisráðgjafi				
	Innviðstjórnun sveitarfélaga				
	Jafnréttismál				
	Kirkjugarðar				
	Kirkjur				
	Hyfing þjóðkennna				
	Samráð við félag í Fríundabýggð				
	Umögn um rekstrarleyfi				
Unglingafræðingastofna					
Valkvæð verkefni	Alagning og innheimta opinberra gælda				
	Skráning og meðferð persónuupplýsinga				
	Starfsmannamál, kjarasamningar				
	Sveitarstjórnir - verkefni og skyldur				
	Uppfyllingargjöld				
	Útbót opinberra framkvæmda og innaupa				
	Væðingastofna				
	Almennar íbúðir				
	Almenningssamgöngur				
	Barni- og barnmálaráðgjafi og húsnæðismál				
Bygging félagsheimta					
Hafnar					
Heraðssjálavæðing					
Hilavæðing					
Hólarásmál (nybygging og viðhald)					
Lögubráðgjafi					
Lærðarmál					
Leyfi til töðakstóra					
Lögfræðisþjónusta					
Nátturuvernd					
Rafmagnsveitur (flutningur og dreifing rafmagns)					
Stöðumál og stöðubrot					
Valkvæð verkefni					

## Fylgiskjal 2 – Framvinda samstarfs við gerð þjónustustefnu Norðurbings

Líkt og kemur fram í inngangi er Norðurbing samstarfssveitarfélag Byggðastofnunar við mótun og prófun á verklagi sem er grunnur að þessum leiðbeiningum til sveitarfélaga um mótun þjónustustefnu. Framvinda samstarfs var í meginatriðum eftirfarandi.

Fyrsta samtal vinnuhóps Byggðastofnunar og Norðurbings snéri að mestu að því hvernig skilgreina ætti svæði og þjónustukjarna sveitarfélagsins. Húsavík er stærsti byggðakjarni Norðurbings og niðurstaða sveitarfélagsins var að þjónustuáætlun væri sett fram fyrir annars vegar Kópasker og nærsveitir og hins vegar Raufarhöfn og þjónustusvæði skilgreind út frá því. Þrátt fyrir að ekki sé skylt að setja upp þjónustuáætlun fyrir stærsta byggðakjarnann ákvað Norðurbing engu að síður að hafa Húsavík með í áætlun sinni enda er Húsavík miðstöð þjónustu sveitarfélagsins alls og dreifbýli Reykjahverfis er nátengt Húsavík.

Ákveðið að byrja á að vinna kortlagningu á þeirri þjónustu sem sveitarfélagið er nú þegar að veita í sveitarfélaginu í heild sinni. Við framsetningu kortlagningar var stuðst við Yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga. Listi lögskyldra verkefna var settur upp í vinnuskjal<sup>6</sup> fyrir þjónustusvæðin þrjú, Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn, einnig gerður listi fyrir lögheimil og valkvæð verkefni. Mesta áherslan var lögð á kortlagningu lögskyldra verkefna. Hver þjónustupáttur var rýndur og skráð í vinnuskjal hvernig og með hvaða hætti þjónusta er veitt á hverjum stað og/eða hvert íbúi, á þjónustusvæði minni byggðakjarnanna, þarf að sækja þjónustuna. Byggðastofnun lagði til vinnuskjal og drög að verklagi sem sveitarstjóri og starfsmenn Norðurbings tóku við og unnu áfram. Að kortlagningunni komu sviðsstjórar allra málaflokka hjá sveitarfélaginu. Í einhverjum málaflokkum vöknudu vangaveltur þess að kynna þyrfti betur fyrir íbúum smærri byggðakjarnanna að ákveðin þjónusta stæði þeim til boða og væri ekki eingöngu veitt í stærsta kjarnanum á Húsavík. Einnig voru umræður um verklag og/eða aðgengi upplýsinga í málaflokkum þar sem sveitarfélagið hefur sett fram lágmarksviðmið um þá þörf sem ná þarf til svo að þjónustan sé veitt á svæðinu. Þetta á t.d. við um ákveðinn fjölda barna á leikskólaaldri sem þarf til að starfrækt sé leikskóladeild. Mögulega er þarft að skýra betur eða skerpa á verklagi slíkra mála og kynna íbúum sérstaklega.

Kortlagning þjónustunnar veitir góða yfirsýn og grunn að samtali næsta skrefs yfir í mótun þjónustustefnu. Byggja mætti fyrstu drög áætlunar næsta árs á þeirri þjónustu og þjónustustigi sem nú þegar er verið að veita í sveitarfélaginu. Nálgun áforma og framsetningar að áætlun til þriggja ára krefst aukinnar rýni og aðkomu sveitastjórnar á hver áform hennar eru varðandi framtíð og fyrirheit þjónustu í stærri sem smærri byggðakjörnum ásamt viljrðum fyrir þeim nauðsynlegu skuldbindingum sem þær fela í sér.

Við framsetningu á þjónustustefnu Norðurbings var valið að halda í þrískipta framsetningu, þ.e. svípaða framsetningu og notast var við í kortlagningu þjónustu. Þannig er þjónustu sveitarfélagsins í heild sinni gerð skil miðað við byggðakjarnana og þjónustusvæðin Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Þrátt fyrir að ákvæði sveitarstjórnarlaga krefjist þess ekki að slíkt sé gert fyrir stærsta byggðakjarnann þótti það betra fyrir verkefnið í heild. Útlit stefnunnar og umgjörð er unnin í samræmi við framsetningu annarra stefna Norðurbings. Forgangsröðun þjónustu sem stefnan inniheldur er með áherslu á lögskyld verkefni ásamt því að hafa til hliðsjónar lögheimil og valkvæð verkefni. Einnig var meirihlutasamkomulag sveitarstjórnar til hliðsjónar við mótun stefnunnar.

Í byrjun júní voru drög þjónustustefnu Norðurbings til kynningar og umfjöllunar hjá byggðaráði. Fulltrúum í byggðaráði var í framhaldinu gefið svigrúm til að koma ábendingum áleiðis áður en drög þjónustustefnu fóru aftur fyrir fund byggðaráðs til umfjöllunar og samþykktar. Íbúafundir um mótun þjónustustefnu voru haldnir í lok júní á Raufarhöfn og Kópaskeri. Drögin voru í rafrænu umsagnarferli

<sup>6</sup> Sjá Fylgiskjal 1 – Vinnuskjal kortlagning.

í september og að því samráði loknu fór stefnan til endanlegrar samþykktar hjá sveitarstjórn og var samþykkt af byggðaráði 14. sept. og birt á heimasíðu sveitarfélagsins, en íbúasamráð er opið til og með 22. sept.<sup>7</sup>

Fyrirkomulag íbúasamráðs hefur verið til umræðu og hvaða leiðir við nálgun samtals og samráðs við íbúa væru líklegastar til að stuðla að virkri þátttöku þeirra og að sjónarmiðum íbúa sé komið á framfæri. Fram kom að ein leið eða aðferð sé ólíkleg til að ná til allra hópa samfélagsins. Núverandi áform eru því að það sé vænlegur kostur að bjóða íbúum Norðurþings fleiri en eina leið til að kynna sér drög þjónustustefnu. Fyrirhugað er að stefnan verði í rafrænni kynningu á heimasíðu Norðurþings og hægt verði að skila um hana skriflegum ábendingum. Einnig að haldnir verði íbúafundir á Kópaskeri og Raufarhöfn þar sem drögin verði kynnt og efnt til umræðu um þjónustustig byggðakjarnanna.

Varðandi íbúasamráð við mótun þjónustustefnu Norðurþings var samhljómur í vinnuhópnum um mikilvægi þess að boða til íbúafunda á þjónustuvæðunum tveimur á Kópaskeri og Raufarhöfn. Vangaveltur eru hins vegar um hver æskileg tíðni íbúafunda er í framhaldinu þegar kemur að árlegri uppfærslu stefnu um þjónustustig fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir. Hvort funda sé þörf á hverju ári eða hvort finna megi jafnvægi í að boðað sé til íbúafunda í upphafi hvers kjörtímabils og að auki þegar til athugunar eru einhverjar breytingar á þjónustu eða þjónustustigi í byggðum og byggðarlögum. Samráð við gerð og mótun þjónustustefnu er lögbundið en sveitarfélög hafa fullt forræði yfir á hvern hátt það er gert. Það verður því að vera hvers sveitarfélags fyrir sig að finna árlegu samráði ásættanlegan farveg.

---

<sup>7</sup> Drögin sem birtust á síðu Norðurþings í september eru þau sömu og vísað var til hér að framan.

# Snæfellsbær



**Fjárhagsáætlun 2024**  
*fyrri umræða*

# Forsendublað fyrir fjárhagsáætlun 2024

- Útsvarsprósenta í Snæfellsbæ árið 2023 verður 14,74%, eða sú sama og 2023.
- Álagningarprósentur fasteigna- og þjónustugjalda verða þær sömu og árið 2023. Meðaltalshækkun fasteignagjalda á árinu 2024 verður í samræmi við verðbólgu, eða 9,8%.
- Verðbólga ársins 2023 var um 8% og er því þörf á að hækka að einhverju leyti gjaldskrár Snæfellsbæjar fyrir árið 2024 til að koma til móts við almennar vöru- og þjónustuhækkanir. Meðalhækkun gjaldskráa Snæfellsbæjar er um 7-10%.
- Miklar breytingar hafa orðið á sörpmálum á landsvísu undanfarið ár og eru fyrirhugaðar í Snæfellsbæ á árinu 2024. Skv. lögum ber sveitarfélögum að breyta gjaldskráum sínum í samræmi við raunkostnað við meðhöndlun úrgangs. Vegna þessa verður töluverð breyting á gjaldskrá sorps í Snæfellsbæ, sem hefur í langan tíma verið töluvert of lág miðað við raunkostnað sorphirðu og sorpeyðingar. Þessar breytingar gera ráð fyrir tæplega 120% hækkun á sorpgjöldum.
- Hámarksafsláttur af fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþega verður kr. 140.000.- og hækkar, ásamt viðmiðunarmörkum tekna, sem nemur launavísitölu.
- Staðgreiðsluafsláttur fasteignagjalda verður áfram 3% ef greitt er upp fyrir 15. mars 2024.
- Leikskólagjöld og gjald vegna hádegisverðar í leikskóla hækkar um 10% milli ára.
- Heimgreiðslur hækka úr 46.500.- í kr. 51.200.-. Þetta er 10% hækkun og fylgir hún launavísitölu á tímabilinu.
- Frístundastýkur hækkar í 33.000.- ári með hverju barni, eða um 10% frá árinu 2023, og fylgir þar með launavísitölu.
- Líkamsræktarstyrkur starfssólks hækkar úr 25.000.- í 27.500.- sem er 10% hækkun frá árinu 2023. Þessi styrkur fylgir líka launavísitölu.
- Gjöld fyrir fæði í skóla og Skólabæ hækka um 6-7% milli ára.
- Tónlistarskólagjöld hækka um 10% milli ára.
- Aðgangur fullorðinna í sundlaug og íþróttahús í Ólafsvík og Lýsulaugar hækkar um 37-9,5%.
- Gjaldskrá slökkviliðs hækkar um 7%.
- Gjaldskrá hundaleyfa hækkar um 10%.

- Gjaldskrá kattaleyfa hækkar um 10%.
- Gjaldskrá byggingarleyfisgjalda breytist ekkert milli ára en hún er vísitölutengd og því ekki nauðsynlegt að endurskoða hana á hverju ári.
- Gjaldskrá gatnagerðargjalda breytist ekkert milli ára. Þó þyrfti að taka ákvörðun um afsláttarprósentu gatnagerðargjalda sem er 90% til 31/12 2023.
- Gjaldskrár félagsheimila breytast hækka um 5-10% milli ára.
- Þar sem flestir kjarasamningar eru lausir 31. mars 2024, er gert ráð fyrir 5% hækkun frá 1/4 2024 og eingreiðslu við undirritun.
- Gert er ráð fyrir 75 milljónum undir liðnum „ófyrriséd“.



# Stofnanir Snæfellsbæjar

## SAMTALS ADALSKJÓÐUR

	Tekjur	Laun	Vörukaup	Þjónustukaup	Innri leiga	Skattar	Vextir	Styrkir	Samtals
00	-2.413.500.000	0	0	0	0	0	0	0	-2.413.500.000
02	-18.215.000	45.025.000	250.000	27.345.000	0	0	0	221.525.000	275.930.000
03	0	0	0	1.000.000	0	0	0	0	1.000.000
04	-71.590.000	927.770.000	73.715.000	114.830.000	66.840.000	0	0	1.650.000	1.113.215.000
05	0	7.560.000	8.490.000	10.180.000	5.590.000	0	0	39.410.000	71.230.000
06	-52.995.000	175.245.000	24.010.000	29.100.000	43.915.000	0	0	46.350.000	265.625.000
07	-1.100.000	16.475.000	4.050.000	8.950.000	4.260.000	500.000	0	3.215.000	36.350.000
08	-63.500.000	1.625.000	600.000	83.590.000	0	0	0	3.000.000	25.315.000
09	-3.750.000	39.260.000	520.000	28.595.000	0	0	0	24.300.000	88.925.000
10	-2.800.000	0	4.000.000	15.700.000	0	0	0	0	16.900.000
11	-1.000.000	24.590.000	2.700.000	27.400.000	0	0	0	1.400.000	55.090.000
13	-28.300.000	18.170.000	3.470.000	22.385.000	0	0	0	750.000	16.475.000
21	-46.600.000	127.530.000	4.235.000	77.845.000	0	0	0	20.730.000	183.740.000
22	0	30.000.000	0	500.000	0	0	0	0	30.500.000
27	0	0	0	1.515.000	0	0	0	75.000.000	76.515.000
28	0	0	0	0	0	0	-46.800.000	0	-46.800.000
00	-2.703.350.000	1.413.250.000	126.040.000	448.935.000	120.605.000	500.000	-46.800.000	437.330.000	-203.490.000

# Stofnanir Snæfellsbæjar

SAMTALS A- OG B-HLUTA SJÓDIR SNÆFELLSBÆJAR 2020

	Tekjur	Laun	Vörukaup	Þjónustukaup	Innri leiga	Skattar	Vextir	Afskriftur	Styrkir	Samtals
00	-2.703.350.000	1.413.250.000	126.040.000	448.935.000	120.605.000	500.000	-46.800.000	0	437.330.000	-203.490.000
31	-149.130.000	13.335.000	8.720.000	30.320.000	0	38.700.000	98.000.000	90.305.000	8.760.000	139.010.000
33	-85.360.000	61.390.000	12.895.000	8.630.000	0	1.265.000	0	3.975.000	2.400.000	5.195.000
<b>A-hluta sjóðir</b>	<b>-2.937.840.000</b>	<b>1.487.975.000</b>	<b>147.655.000</b>	<b>487.885.000</b>	<b>120.605.000</b>	<b>40.465.000</b>	<b>51.200.000</b>	<b>94.280.000</b>	<b>448.490.000</b>	<b>-59.285.000</b>
35	-10.800.000	310.000	3.200.000	5.235.000	0	1.450.000	0	2.070.000	1.230.000	2.695.000
37	-29.200.000	6.940.000	4.650.000	12.695.000	0	3.850.000	0	6.600.000	1.620.000	7.155.000
41	-275.344.000	112.105.000	28.276.000	33.095.000	0	1.140.000	-1.784.000	31.633.000	2.640.000	-68.239.000
43	-114.000.000	0	16.800.000	50.345.000	0	100.000	13.000.000	12.500.000	17.280.000	-3.975.000
53	-322.600.000	248.450.000	32.750.000	13.150.000	0	4.000.000	10.000.000	4.500.000	2.760.000	-6.990.000
55	-10.890.000	0	200.000	650.000	0	1.460.000	13.000.000	1.810.000	810.000	7.040.000
57	-40.815.000	0	1.825.000	7.270.000	0	6.025.000	17.000.000	6.750.000	2.500.000	555.000
<b>B-hluta sjóðir</b>	<b>-803.649.000</b>	<b>367.805.000</b>	<b>87.701.000</b>	<b>122.440.000</b>	<b>0</b>	<b>18.025.000</b>	<b>51.216.000</b>	<b>65.863.000</b>	<b>28.840.000</b>	<b>-61.759.000</b>
<b>Samstæðureikningurinn</b>	<b>-3.741.489.000</b>	<b>1.855.780.000</b>	<b>235.356.000</b>	<b>610.325.000</b>	<b>120.605.000</b>	<b>58.490.000</b>	<b>102.416.000</b>	<b>160.143.000</b>	<b>477.330.000</b>	<b>-121.044.000</b>

## Fjárhagsáætlun fyrir rekstur Samstæðunnar árið 2024

	A-hluta sjóðir				Samstæðan				
	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024
<b>Rekstrartekjur</b>									
Skatttekjur .....	1.400.000	1.471.600	1.527.100	1.743.000	1.285.800	1.400.000	1.471.600	1.527.100	1.743.000
Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga .....	460.500	528.400	587.500	603.500	495.100	460.500	528.400	587.500	603.500
Aðrar tekjur .....	281.505	328.268	416.995	591.340	835.645	867.447	993.228	1.184.016	1.394.989
<b>Tekjur alls</b>	<b>2.142.005</b>	<b>2.328.268</b>	<b>2.531.595</b>	<b>2.937.840</b>	<b>2.616.545</b>	<b>2.727.947</b>	<b>2.993.228</b>	<b>3.298.616</b>	<b>3.741.489</b>
<b>Rekstrargjöld</b>									
Laun og launatengd gjöld .....	(1.211.045)	(1.311.540)	(1.373.990)	(1.487.975)	(1.385.110)	(1.492.439)	(1.617.382)	(1.704.135)	(1.855.780)
Annar rekstrarkostnaður .....	(471.555)	(486.448)	(553.380)	(756.145)	(610.785)	(633.226)	(662.999)	(746.883)	(966.286)
Afskrifur .....	(82.685)	(85.160)	(94.610)	(94.280)	(135.363)	(140.906)	(144.992)	(156.806)	(160.143)
Skattar og önnur opinber gjöld .....	(30.250)	(31.995)	(41.185)	(40.465)	(43.995)	(45.615)	(48.578)	(60.022)	(58.490)
Styrkir og framlög .....	(352.265)	(393.270)	(400.385)	(448.490)	(351.910)	(371.825)	(422.110)	(429.225)	(477.330)
<b>Gjöld alls</b>	<b>(2.147.800)</b>	<b>(2.308.413)</b>	<b>(2.463.550)</b>	<b>(2.827.355)</b>	<b>(2.527.163)</b>	<b>(2.684.011)</b>	<b>(2.896.061)</b>	<b>(3.097.071)</b>	<b>(3.518.029)</b>
<b>Afkoma fyrir vexti</b>	<b>(5.795)</b>	<b>19.855</b>	<b>68.045</b>	<b>110.485</b>	<b>89.382</b>	<b>43.936</b>	<b>97.167</b>	<b>201.545</b>	<b>223.460</b>
Re									
Fjármunatekjur .....	92.800	89.000	184.500	154.500	93.149	93.493	89.555	185.340	156.284
Fjármagnsgjöld .....	(111.400)	(108.700)	(230.000)	(205.700)	(144.050)	(149.621)	(150.261)	(281.060)	(258.700)
Ve									
<b>Afkoma ársins</b>	<b>(24.395)</b>	<b>155</b>	<b>22.545</b>	<b>59.285</b>	<b>38.481</b>	<b>(12.192)</b>	<b>36.461</b>	<b>105.825</b>	<b>121.044</b>
Te									
<b>Fjárfestingar</b>	<b>170.000</b>	<b>212.000</b>	<b>243.500</b>	<b>26.500</b>	<b>422.780</b>	<b>495.190</b>	<b>496.150</b>	<b>514.020</b>	<b>297.920</b>
Re									

## Fjárhagsáætlun fyrir efnahag Samstæðunnar árið 2024

	A-hluta sjóðir				Samstæðan				
	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	2024	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	2024
<b>Eignir</b>									
<b>Fastafjármunir</b>									
Fasteignir, lóðir og lendur .....	2.672.000	2.610.000	2.909.800	3.209.800	3.110.000	3.270.000	3.207.500	3.517.700	3.829.800
Veitukerfi .....	0	0	0	0	384.000	386.000	398.500	405.000	399.000
Hafnarmannvirki .....	0	0	0	0	700.000	700.000	900.000	1.050.000	1.050.000
Gatnakerfi .....	440.000	585.000	580.000	600.000	375.000	440.000	600.000	580.000	600.000
Áhöld og tæki .....	183.000	171.500	190.000	191.300	212.100	222.600	206.500	222.300	225.200
Eignarhlutur í félögum .....	310.000	310.000	310.000	310.000	310.045	310.045	310.045	310.045	310.045
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki B .....	681.565	750.000	805.000	775.500	0	0	0	0	0
Aðrar langtímakröfur .....	250	250	0	0	500	250	250	0	0
<b>Fastafjármunir alls</b>	<b>4.286.815</b>	<b>4.426.750</b>	<b>4.794.800</b>	<b>5.086.600</b>	<b>5.091.645</b>	<b>5.328.895</b>	<b>5.622.795</b>	<b>6.085.045</b>	<b>6.414.045</b>
									2024
<b>Veltufjármunir</b>									
Vörubirgðir .....	0	0	0	0	400	0	0	0	0
Önnheimtar tekjur og viðskiptakröfur .....	110.000	110.000	100.000	150.000	113.000	122.800	122.800	102.100	150.900
Hafnabótasjóður .....	0	0	0	0	3.400	3.400	0	3.400	0
Næsta árs afb. langtímakrafna .....	70.000	75.000	80.000	85.000	70.000	70.000	75.000	80.000	85.000
Aðrar skammtímakröfur .....	40.000	40.000	25.000	40.000	40.200	40.150	43.600	40.050	66.400
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki B .....	131.650	6.650	0	165.800	0	0	0	0	0
Handbært fé .....	100.000	100.000	145.000	150.000	165.000	165.000	165.000	210.000	215.000
	<b>451.650</b>	<b>331.650</b>	<b>350.000</b>	<b>590.800</b>	<b>392.000</b>	<b>401.350</b>	<b>406.400</b>	<b>435.550</b>	<b>517.300</b>
<b>Eignir</b>	<b>4.738.465</b>	<b>4.758.400</b>	<b>5.144.800</b>	<b>5.677.400</b>	<b>5.483.645</b>	<b>5.730.245</b>	<b>6.029.195</b>	<b>6.520.595</b>	<b>6.931.345</b>

# Fjárhagsáætlun fyrir efnahag Samstæðunnar árið 2024

	A-hluta sjóðir				Samstæðan				
	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024
<b>Eigið fé og skuldir</b>									
<b><u>Eigið fé</u></b>									
Eigið fé .....	3.089.265	3.014.400	3.269.800	3.857.400	3.595.645	3.674.145	3.873.945	4.351.295	4.832.045
<b>Eigið fé</b>	<b>3.089.265</b>	<b>3.014.400</b>	<b>3.269.800</b>	<b>3.857.400</b>	<b>3.595.645</b>	<b>3.674.145</b>	<b>3.873.945</b>	<b>4.351.295</b>	<b>4.832.045</b>
<b><u>Skuldir</u></b>									
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>									
Lífeyrisskuldbinding .....	475.000	480.000	575.000	575.000	461.000	486.000	492.000	588.500	588.000
Langtímalán .....	900.000	900.000	925.000	880.000	1.058.500	1.226.150	1.208.500	1.115.000	1.050.000
Búseturéttur .....	0	0	0	0	26.000	26.000	23.000	25.500	33.000
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>	<b>1.375.000</b>	<b>1.380.000</b>	<b>1.500.000</b>	<b>1.455.000</b>	<b>1.545.500</b>	<b>1.738.150</b>	<b>1.723.500</b>	<b>1.729.000</b>	<b>1.671.000</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>									
Viðskiptaskuldir .....	70.000	80.000	45.000	45.000	82.000	80.000	90.000	70.000	57.000
Næsta árs afborganir langtímalána .....	120.000	180.000	200.000	195.000	165.900	142.900	209.900	226.000	227.000
Aðrar skammtímaskuldir .....	84.200	104.000	130.000	125.000	94.600	95.050	116.850	144.300	144.300
<b>Skammtímaskuldir</b>	<b>274.200</b>	<b>364.000</b>	<b>375.000</b>	<b>365.000</b>	<b>342.500</b>	<b>317.950</b>	<b>416.750</b>	<b>440.300</b>	<b>428.300</b>
<b>Skuldir og skuldbindingar alls</b>	<b>1.649.200</b>	<b>1.744.000</b>	<b>1.875.000</b>	<b>1.820.000</b>	<b>1.888.000</b>	<b>2.056.100</b>	<b>2.140.250</b>	<b>2.169.300</b>	<b>2.099.300</b>
<b>Eigið fé, skuldir og skuldbindingar</b>	<b>4.738.465</b>	<b>4.758.400</b>	<b>5.144.800</b>	<b>5.677.400</b>	<b>5.483.645</b>	<b>5.730.245</b>	<b>6.014.195</b>	<b>6.520.595</b>	<b>6.931.345</b>

# Fjárhagsáætlun fyrir sjóðstreymi Samstæðunnar árið 2024

	A-hluta sjóðir				Samstæðan				
	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024
<b>Rekstrarhreyfingar</b>									
Rekstrarafkoma ársins .....	(24.395)	155	22.545	59.285	38.481	(12.192)	36.461	105.825	121.044
Afskriftir .....	82.685	85.160	94.610	94.280	135.363	140.906	144.992	156.806	160.143
Sölutap fastafjármuna .....	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....	25.000	25.000	95.000	25.000	24.500	25.000	25.500	96.500	24.500
Verðbætur af skuldum og eignum .....	60.200	62.000	60.000	165.000	73.450	81.700	88.700	99.300	208.000
	143.490	172.315	272.155	343.565	271.794	235.414	295.653	458.431	513.687
<b>Veltufé frá rekstri</b>									
Vörubirgðir, breyting .....	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Áðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun .....	10.000	15.000	(12.520)	(8.575)	13.320	12.000	17.000	(16.865)	(2.045)
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar .....	0	(20.000)	(25.000)	(25.000)	0	0	(20.000)	(25.000)	(25.000)
Rekstrartengdar skuldir (lækkun) .....	10.035	(2.925)	20.000	70.000	13.000	(2.465)	(31.670)	20.000	64.985
<b>Handbært fé (til) frá rekstri</b>	163.525	164.390	254.635	379.990	298.114	244.949	260.983	436.566	551.627
									2024
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>									
Áfborganir langtímaverðbréfa .....	500	500	500	0	500	500	500	500	0
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum .....	(170.000)	(212.000)	(263.000)	(26.500)	(422.780)	(495.190)	(496.150)	(533.520)	(297.920)
Keypt fjárfestingaverðbréf .....	(3.500)	0	0	0	(3.500)	(53.500)	0	0	0
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting .....	(51.050)	(2.400)	0	0	0	0	0	0	0
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	(224.050)	(213.900)	(262.500)	(26.500)	(425.780)	(548.190)	(495.650)	(533.020)	(297.920)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>									
Nýjar langtímalán .....	200.000	200.000	100.000	0	100.000	210.000	200.000	100.000	0
Áfborganir langtímaskulda .....	(140.000)	(180.000)	(185.000)	(205.000)	(173.900)	(171.400)	(209.900)	(211.000)	(239.000)
Framlag ríkissjóðs til hafnargerðar .....	0	0	0	0	105.887	199.650	123.000	131.350	169.975
Skuld við aðalsjóð .....	0	0	0	60.000	0	0	0	0	22.235
Breyting búseturéttar .....	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Viðskiptastada eigin fyrirtækja, breyting .....	0	0	0	0	0	0	35.770	0	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	60.000	20.000	(85.000)	(145.000)	31.987	238.250	148.870	20.350	(46.790)
Lækkun handbærs fjárs .....	(525)	(29.510)	(92.865)	208.490	(95.679)	(64.991)	(85.797)	(76.104)	206.917
Handbært fé í upphafi árs .....	75.000	100.000	145.000	150.000	140.000	140.000	165.000	210.000	215.000
<b>Handbært fé í lok árs .....</b>	<b>74.475</b>	<b>70.490</b>	<b>52.135</b>	<b>358.490</b>	<b>44.321</b>	<b>75.009</b>	<b>79.203</b>	<b>133.896</b>	<b>421.917</b>